



Nýting, gæði og eðliseiginleikar þorskafla

Nýting, gæði og eðliseiginleikar þorskafla

M.Sc. ritgerð
Leiðbeinendur:
Guðmundur R. Jónsson
Sigurjón Arason
Guðjón Þorkelsson

Reykjavík
Október 2003
Sveinn Margeirsson

M.Sc. ritgerð
Leiðbeinendur:
Guðmundur R. Jónsson
Sigurjón Arason
Guðjón Þorkelsson

Reykjavík
Október 2003
Sveinn Margeirsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Fræði	3
2.1	Orsakabreyturnar.....	4
2.1.1	Árstími	4
2.1.2	Veiðislóð	4
2.1.3	Stærð hola	6
2.1.4	Aldur hráefnis við móttöku	7
2.1.5	Þyngd og lengd (holdafar)	7
2.1.6	Skipin	8
2.1.7	Þyngd hauss og haushlutfall.....	9
2.2	Áhrifabreyturnar	9
2.2.1	Nýting	9
2.2.2	Hringormar.....	10
2.2.3	Blóðblettir og holdroði.....	10
2.2.4	Los	11
2.2.5	Drip	12
2.2.6	Sýrustig	12
2.2.7	Vatnsinnihald	12
2.2.8	Vatnsheldni	13
2.3	Tölfræði	14
2.3.1	Tilgangur rannsóknar	15
2.3.2	Hönnun rannsóknar	15
2.3.3	Söfnun gagna og gagnaathuganir	15
2.3.4	Nýjar breytur.....	16
2.3.5	Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar	16
2.3.6	Val á breytum og mat á stikum	16
2.3.7	Mat á marktækni stika.....	17
2.3.8	Greining á áhrifamælingum	17
2.3.9	Túlkun og staðfesting.....	17
3	Framkvæmd	19
3.1	Undirbúningur.....	19
3.1.1	Skipulag gæðaeftirlits Samherja	19
3.1.2	Rannsóknaráætlun.....	20
3.1.3	Verðmæti afurða	20
3.2	Mælingar	21
3.2.1	Afladagbækur.....	21
3.2.2	Mælingar í gæðaeftirliti Samherja	21
3.2.3	Frystigeymsla	22
3.2.4	Mælingar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf)	22
3.2.5	Gagnaskráning	24
3.2.6	Forvinnsla gagna.....	24
3.2.7	Gildi sem vantaði í gagnafylkið	24
3.2.8	Útlagagreining.....	26
3.2.9	Normaldreifing gagna	27

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Fræði	3
2.1	Orsakabreyturnar.....	4
2.1.1	Árstími	4
2.1.2	Veiðislóð	4
2.1.3	Stærð hola	6
2.1.4	Aldur hráefnis við móttöku	7
2.1.5	Þyngd og lengd (holdafar)	7
2.1.6	Skipin	8
2.1.7	Þyngd hauss og haushlutfall.....	9
2.2	Áhrifabreyturnar	9
2.2.1	Nýting	9
2.2.2	Hringormar.....	10
2.2.3	Blóðblettir og holdroði.....	10
2.2.4	Los	11
2.2.5	Drip	12
2.2.6	Sýrustig	12
2.2.7	Vatnsinnihald	12
2.2.8	Vatnsheldni	13
2.3	Tölfræði	14
2.3.1	Tilgangur rannsóknar	15
2.3.2	Hönnun rannsóknar	15
2.3.3	Söfnun gagna og gagnaathuganir	15
2.3.4	Nýjar breytur.....	16
2.3.5	Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar	16
2.3.6	Val á breytum og mat á stikum	16
2.3.7	Mat á marktækni stika.....	17
2.3.8	Greining á áhrifamælingum	17
2.3.9	Túlkun og staðfesting.....	17
3	Framkvæmd	19
3.1	Undirbúningur.....	19
3.1.1	Skipulag gæðaeftirlits Samherja	19
3.1.2	Rannsóknaráætlun.....	20
3.1.3	Verðmæti afurða	20
3.2	Mælingar	21
3.2.1	Afladagbækur.....	21
3.2.2	Mælingar í gæðaeftirliti Samherja	21
3.2.3	Frystigeymsla	22
3.2.4	Mælingar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf)	22
3.2.5	Gagnaskráning	24
3.2.6	Forvinnsla gagna.....	24
3.2.7	Gildi sem vantaði í gagnafylkið	24
3.2.8	Útlagagreining.....	26
3.2.9	Normaldreifing gagna	27

3.2.10	Gervibreitur	27
3.3	Líkangerð	27
4	Niðurstöður A: Gæðaeftirlit	28
4.1	Forvinnsla	28
4.1.1	Normaldreifing	28
4.1.2	Dreifni	31
4.2	Athuganir í fáum víddum	33
4.2.1	Árstími	33
4.2.2	Veiðisvæði	35
4.2.3	Samanburður sömu mánaða mismunandi ára	42
4.2.4	Áhrif ýmissa orsakabreyta	45
4.2.5	Samantekt	46
4.2.6	Samanburður tveggja ára	46
4.2.7	Ormar	48
4.2.8	Blóð- og holdroðablettir	49
4.2.9	Los	49
4.2.10	Nýting	50
4.3	Nýting, líkön og spár	53
4.3.1	Fullt líkan	53
4.1.1	Skert líkön	59
4.3.2	Samanburður við mælingafylki án galla	63
4.3.3	Spár	64
4.3.4	Spár út frá veiðireitum	66
4.3.5	Samantekt	67
4.4	Aðrar áhrifabreytur	68
4.4.1	Ormar	68
4.4.2	Blóð- og holdroði	70
4.4.3	Los	72
4.1.2	Samantekt	73
5	Niðurstöður B: Mælingar á Rf	75
5.1	Forvinnsla	75
5.1.1	Normaldreifing	75
5.1.2	Leiðrétting vegna tíma	75
5.1.3	Gervibreitur	76
5.2	Niðurstöður mars 2003	76
5.2.1	Drip	76
5.2.2	Sýrustig (pH)	76
5.2.3	Vatnsinnihald	76
5.2.4	Vatnsheldni	77
5.2.5	Samantekt fyrstu niðurstaðna	77
5.3	Athuganir í fáum víddum	77
5.3.1	Árstími	77
5.3.2	Eiginleikabreytur sem fall hver af annarri	78
5.3.3	Samspil áhrifabreyta	79
5.4	Líkangerð	80
5.4.1	Drip	80
5.4.2	Sýrustig	80

3.2.10	Gervibreitur	27
3.3	Líkangerð	27
4	Niðurstöður A: Gæðaeftirlit	28
4.1	Forvinnsla	28
4.1.1	Normaldreifing	28
4.1.2	Dreifni	31
4.2	Athuganir í fáum víddum	33
4.2.1	Árstími	33
4.2.2	Veiðisvæði	35
4.2.3	Samanburður sömu mánaða mismunandi ára	42
4.2.4	Áhrif ýmissa orsakabreyta	45
4.2.5	Samantekt	46
4.2.6	Samanburður tveggja ára	46
4.2.7	Ormar	48
4.2.8	Blóð- og holdroðablettir	49
4.2.9	Los	49
4.2.10	Nýting	50
4.3	Nýting, líkön og spár	53
4.3.1	Fullt líkan	53
4.1.1	Skert líkön	59
4.3.2	Samanburður við mælingafylki án galla	63
4.3.3	Spár	64
4.3.4	Spár út frá veiðireitum	66
4.3.5	Samantekt	67
4.4	Aðrar áhrifabreytur	68
4.4.1	Ormar	68
4.4.2	Blóð- og holdroði	70
4.4.3	Los	72
4.1.2	Samantekt	73
5	Niðurstöður B: Mælingar á Rf	75
5.1	Forvinnsla	75
5.1.1	Normaldreifing	75
5.1.2	Leiðrétting vegna tíma	75
5.1.3	Gervibreitur	76
5.2	Niðurstöður mars 2003	76
5.2.1	Drip	76
5.2.2	Sýrustig (pH)	76
5.2.3	Vatnsinnihald	76
5.2.4	Vatnsheldni	77
5.2.5	Samantekt fyrstu niðurstaðna	77
5.3	Athuganir í fáum víddum	77
5.3.1	Árstími	77
5.3.2	Eiginleikabreytur sem fall hver af annarri	78
5.3.3	Samspil áhrifabreyta	79
5.4	Líkangerð	80
5.4.1	Drip	80
5.4.2	Sýrustig	80

5.4.3	Vatnsinnihald	81
5.4.4	Vatnsheldni	81
5.4.5	Samantekt.....	82
6	Samantekt og umræður	83
6.1	Samantekt helstu niðurstaðna	83
6.1.1	Nýting, ormar, blóð- og holdroði og los	83
6.1.2	Drip, sýrustig, vatnsinnihald og vatnsheldni.....	85
6.2	Áframhaldandi rannsóknir	86
7	Heimildaskrá.....	87

5.4.3	Vatnsinnihald	81
5.4.4	Vatnsheldni	81
5.4.5	Samantekt.....	82
6	Samantekt og umræður	83
6.1	Samantekt helstu niðurstaðna	83
6.1.1	Nýting, ormar, blóð- og holdroði og los	83
6.1.2	Drip, sýrustig, vatnsinnihald og vatnsheldni.....	85
6.2	Áframhaldandi rannsóknir	86
7	Heimildaskrá.....	87

Myndir

Mynd 2.1 Þorskur veiddur í botnvörpu árið 2000 (Brynjólfur Eyjólfsson ofl, 2001).....	5
Mynd 2.2 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 2 svæði til notkunar í rannsókninni.	6
Mynd 2.3 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 7 veiðireiti til notkunar í rannsókninni.	6
Mynd 2.4 Hringormar úr þorski sem veiddist við Breiðafjörð (Rf; mynd S0404002)	10
Mynd 2.5 Þorskflak með blóðbletti. Myndin til vinstri sýnir stærri hluta flaksins, en myndin til hægri sýnir blóðblettinn í nærmynd.....	11
Mynd 2.6 Árstíðabundnar breytingar í vatnsinnihaldi þorsks (Love, 1988)	13
Mynd 2.7 Stig við margvíða línulega aðhvarfsgreiningu (Hair o.fl., 1998).....	14
Mynd 3.1 Ferli við sýnatökur og mælingar í frystihúsinu á Dalvík. (i) er 2-3 daga gamall fiskur, (ii) er 4-5 daga gamall fiskur og (iii) er 6-7 daga gamall fiskur. Um er að ræða mælingar sem framkvæmdar voru á fiskum sem gerðar voru eðlis- og efnamælingar á. Sama ferli var fylgt fyrir þá fiska sem mældir voru í gæðaeftirlitinu, nema hvað merkingum var sleppt og bæði flökin fóru í vinnslu eftir mælingar.....	21
Mynd 3.2 Rúðustrikað plastspjald sem notað var til að meta los, blóðbletti og holdroðabletti.	22
Mynd 3.3 Þorskflak eftir sögun. Miðstykkið var tekið til mælinga en hnakkastykki og sporður geymd í frosti.	23
Mynd 3.4 Til vinstri: plastdolla sem notuð var til að geyma sýnin eftir hökkun. Til hægri: Látið leka af miðstykkjum áður en þau voru vegin eftir upphíðingu.	23
Mynd 3.5 Hér má sjá hver áhrif mismunandi aðferða við innsetningu (í stað óeðlilegra gilda) eru. Bláa línán sýnir hvernig EM-algrími setti inn fyrir mælingar sem vantaði á togtíma og útlaga. Græna línán sýnir hvernig mælingar á togtíma líta út ef meðaltal er sett inn í stað mælinganna. Um er að að ræða fyrstu 76 sýnin sem mæld voru á Rf.	26
Mynd 4.1 Normaldreifingarrit fyrir breytu nr. 13 (orma), breytu nr. 14 (blóð- og holdroða), breytu nr. 15 (los) og breytu nr. 16 (nýtingu).	28
Mynd 4.2 Normaldreifingarrit fyrir breytur 13-16 (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) eftir að breytum 13-15 hefur verið varpað með kvaðratrótarvörpun ($X = \sqrt{x}$).	29
Mynd 4.3 Stöplarit ásamt útreiknaðri normaldreifingu fyrir blóð- og holdroða eftir kvaðratrótar-vörpun ($X = \sqrt{x}$).	30
Mynd 4.4 Punktarit af áhrifabreytunum sem fall af lengd (cm) þorsksins. $\sqrt{x}$ = kvaðratrót. Línurnar eru teiknaðar út frá minnstu kvaðrata mati á sambandi breytanna sem um ræðir (Isline í Matlab)	31
Mynd 4.5 Punktarit af áhrifabreytunum sem fall af svæði 1 og 2 (sjá mynd 1.2). Tekin er kvaðratrót ($\sqrt{x}$) af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta.	32
Mynd 4.6 Munur á áhrifabreytum eftir mánuðum. Tekin er kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	34

Myndir

Mynd 2.1 Þorskur veiddur í botnvörpu árið 2000 (Brynjólfur Eyjólfsson ofl, 2001).....	5
Mynd 2.2 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 2 svæði til notkunar í rannsókninni.	6
Mynd 2.3 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 7 veiðireiti til notkunar í rannsókninni.	6
Mynd 2.4 Hringormar úr þorski sem veiddist við Breiðafjörð (Rf; mynd S0404002)	10
Mynd 2.5 Þorskflak með blóðbletti. Myndin til vinstri sýnir stærri hluta flaksins, en myndin til hægri sýnir blóðblettinn í nærmynd.....	11
Mynd 2.6 Árstíðabundnar breytingar í vatnsinnihaldi þorsks (Love, 1988)	13
Mynd 2.7 Stig við margvíða línulega aðhvarfsgreiningu (Hair o.fl., 1998).....	14
Mynd 3.1 Ferli við sýnatökur og mælingar í frystihúsinu á Dalvík. (i) er 2-3 daga gamall fiskur, (ii) er 4-5 daga gamall fiskur og (iii) er 6-7 daga gamall fiskur. Um er að ræða mælingar sem framkvæmdar voru á fiskum sem gerðar voru eðlis- og efnamælingar á. Sama ferli var fylgt fyrir þá fiska sem mældir voru í gæðaeftirlitinu, nema hvað merkingum var sleppt og bæði flökin fóru í vinnslu eftir mælingar.....	21
Mynd 3.2 Rúðustrikað plastspjald sem notað var til að meta los, blóðbletti og holdroðabletti.	22
Mynd 3.3 Þorskflak eftir sögun. Miðstykkið var tekið til mælinga en hnakkastykki og sporður geymd í frosti.	23
Mynd 3.4 Til vinstri: plastdolla sem notuð var til að geyma sýnin eftir hökkun. Til hægri: Látið leka af miðstykkjum áður en þau voru vegin eftir upphíðingu.	23
Mynd 3.5 Hér má sjá hver áhrif mismunandi aðferða við innsetningu (í stað óeðlilegra gilda) eru. Bláa línán sýnir hvernig EM-algrími setti inn fyrir mælingar sem vantaði á togtíma og útlaga. Græna línán sýnir hvernig mælingar á togtíma líta út ef meðaltal er sett inn í stað mælinganna. Um er að að ræða fyrstu 76 sýnin sem mæld voru á Rf.	26
Mynd 4.1 Normaldreifingarrit fyrir breytu nr. 13 (orma), breytu nr. 14 (blóð- og holdroða), breytu nr. 15 (los) og breytu nr. 16 (nýtingu).	28
Mynd 4.2 Normaldreifingarrit fyrir breytur 13-16 (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) eftir að breytum 13-15 hefur verið varpað með kvaðratrótarvörpun ($X = \sqrt{x}$).	29
Mynd 4.3 Stöplarit ásamt útreiknaðri normaldreifingu fyrir blóð- og holdroða eftir kvaðratrótar-vörpun ($X = \sqrt{x}$).	30
Mynd 4.4 Punktarit af áhrifabreytunum sem fall af lengd (cm) þorsksins. $\sqrt{x}$ = kvaðratrót. Línurnar eru teiknaðar út frá minnstu kvaðrata mati á sambandi breytanna sem um ræðir (Isline í Matlab)	31
Mynd 4.5 Punktarit af áhrifabreytunum sem fall af svæði 1 og 2 (sjá mynd 1.2). Tekin er kvaðratrót ($\sqrt{x}$) af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta.	32
Mynd 4.6 Munur á áhrifabreytum eftir mánuðum. Tekin er kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	34

Mynd 4.7	Munur á áhrifabreytum eftir veiðireitum 1-7 (sjá mynd 2.3). Tekin er kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	36
Mynd 4.8	Munur á áhrifabreytum eftir svæðum 1 og 2. Tekin er kvaðratrót (sqrt) af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	38
Mynd 4.9	Fjöldi blóð- og holdroðabletta og orma, teiknað upp eftir mánuðum og flokkað eftir því hvort þorskurinn kom af svæði 1 eða svæði 2. Tekin er kvaðratrót (sqrt) af fjölda orma og fjölda blóð- og holdroðabletta. Lóðréttu línurnar eru 95% vikmörk.	39
Mynd 4.10	Los og nýting, teiknuð upp eftir mánuðum og flokkað eftir því hvort þorskurinn kom frá svæði 1 eða frá svæði 2. Tekin er kvaðratrót af fjölda losblettanna. Lóðréttu línurnar eru 95% vikmörk.	39
Mynd 4.11	Meðalnýting eftir reitum 310-775 allan þann tíma sem mælingar á nýtingu voru gerðar. Ekki þarf að vera tölfræðilega marktækur munur á reitum sem fá misjafnan lit. Reitir þar sem eingöngu ein mæling var gerð eru ekki teiknaðir inn á myndina. Varðandi númer reita er vísað til myndar 2.2.	40
Mynd 4.12	Meðaltal fjölda losbletta (vörpuðum með kvaðratrótavörpun) eftir mánuðum árin 2001-2003.	42
Mynd 4.13	Meðalnýting hvers mánaðar árin 2001-2003	43
Mynd 4.14	Punktur af nýtingu sem fall af orsakabreytunum þyngd fisks, þyngd hauss, lengd fisks og holdastuðli.	45
Mynd 4.15	Fjöldi orma, blóð- og holdroðabletta og losbletta sem fall af mismunandi orsakabreytum.	46
Mynd 4.16	Spár líkana fyrir tímabil 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda orma út frá gögnum fyrir tímabil 2.	48
Mynd 4.17	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda blóð og holdroðabletta út frá gögnum fyrir tímabil 2	49
Mynd 4.18	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda losbletta út frá gögnum fyrir tímabil 2	50
Mynd 4.19	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um nýtingu út frá gögnum fyrir tímabil 2.	51
Mynd 4.20	Hlutfallslegur munur á spá um nýtingu og réttri nýtingu ágúst 2002 – maí 2003. Tímabil 1 nær yfir ágúst 2001 – maí 2002. Tímabil 2 nær á sambærilegan hátt yfir tímabilið ágúst 2002 – maí 2003.	52
Mynd 4.21	Nýting, spá um nýtingu með fullu líkani og restliðir fulls líkans fyrir allar nýtingarmælingar.	53
Mynd 4.22	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af tíma. Restliðirnir eru óháðir tíma.	54
Mynd 4.23	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af spágildum. Restliðirnir eru óháðir spágildum. Línan á myndinni er teiknuð með lsline í Matlab og er minnstu kvaðrata mat á bestu línu í gegnum alla punktana.	54
Mynd 4.24	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af nokkrum orsakabreytum (svæði 1, skipi 1, holdastuðli og aldri hráefnis). Restliðirnir virðast ekki vera háðir orsakabreytunum.	55
Mynd 4.25	Normaldreifingarrit restliða fulls líkan fyrir nýtingu	56

Mynd 4.7	Munur á áhrifabreytum eftir veiðireitum 1-7 (sjá mynd 2.3). Tekin er kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	36
Mynd 4.8	Munur á áhrifabreytum eftir svæðum 1 og 2. Tekin er kvaðratrót (sqrt) af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta. Lóðréttu línurnar eru 95% öryggismörk.	38
Mynd 4.9	Fjöldi blóð- og holdroðabletta og orma, teiknað upp eftir mánuðum og flokkað eftir því hvort þorskurinn kom af svæði 1 eða svæði 2. Tekin er kvaðratrót (sqrt) af fjölda orma og fjölda blóð- og holdroðabletta. Lóðréttu línurnar eru 95% vikmörk.	39
Mynd 4.10	Los og nýting, teiknuð upp eftir mánuðum og flokkað eftir því hvort þorskurinn kom frá svæði 1 eða frá svæði 2. Tekin er kvaðratrót af fjölda losblettanna. Lóðréttu línurnar eru 95% vikmörk.	39
Mynd 4.11	Meðalnýting eftir reitum 310-775 allan þann tíma sem mælingar á nýtingu voru gerðar. Ekki þarf að vera tölfræðilega marktækur munur á reitum sem fá misjafnan lit. Reitir þar sem eingöngu ein mæling var gerð eru ekki teiknaðir inn á myndina. Varðandi númer reita er vísað til myndar 2.2.	40
Mynd 4.12	Meðaltal fjölda losbletta (vörpuðum með kvaðratrótavörpun) eftir mánuðum árin 2001-2003.	42
Mynd 4.13	Meðalnýting hvers mánaðar árin 2001-2003	43
Mynd 4.14	Punktur af nýtingu sem fall af orsakabreytunum þyngd fisks, þyngd hauss, lengd fisks og holdastuðli.	45
Mynd 4.15	Fjöldi orma, blóð- og holdroðabletta og losbletta sem fall af mismunandi orsakabreytum.	46
Mynd 4.16	Spár líkana fyrir tímabil 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda orma út frá gögnum fyrir tímabil 2.	48
Mynd 4.17	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda blóð og holdroðabletta út frá gögnum fyrir tímabil 2	49
Mynd 4.18	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um kvaðratrót af fjölda losbletta út frá gögnum fyrir tímabil 2	50
Mynd 4.19	Spár líkana tímabils 1 og tímabils 2 um nýtingu út frá gögnum fyrir tímabil 2.	51
Mynd 4.20	Hlutfallslegur munur á spá um nýtingu og réttri nýtingu ágúst 2002 – maí 2003. Tímabil 1 nær yfir ágúst 2001 – maí 2002. Tímabil 2 nær á sambærilegan hátt yfir tímabilið ágúst 2002 – maí 2003.	52
Mynd 4.21	Nýting, spá um nýtingu með fullu líkani og restliðir fulls líkans fyrir allar nýtingarmælingar.	53
Mynd 4.22	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af tíma. Restliðirnir eru óháðir tíma.	54
Mynd 4.23	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af spágildum. Restliðirnir eru óháðir spágildum. Línan á myndinni er teiknuð með lsline í Matlab og er minnstu kvaðrata mat á bestu línu í gegnum alla punktana.	54
Mynd 4.24	Restliðir fulls líkans fyrir nýtingu sem fall af nokkrum orsakabreytum (svæði 1, skipi 1, holdastuðli og aldri hráefnis). Restliðirnir virðast ekki vera háðir orsakabreytunum.	55
Mynd 4.25	Normaldreifingarrit restliða fulls líkan fyrir nýtingu	56

Mynd 4.26	Normaldreifingarrit og stöplarit fyrir restliði nýtingarlíkans, eftir að nokkur útgildi höfðu verið tekin út. Bogadregna línan á stöplaritinu er fræðileg normaldreifing.	57
Mynd 4.27	Spá um nýtingu í ágúst-sept 2003. Talan 1 á við nýtingarlíkan 1. Talan 2 á við nýtingarlíkan 2. Mæling er mæld flakanýting hjá Samherja. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	64
Mynd 4.28	Efri mynd: 95% vikmörk fyrir spá um nýtingu á prófunarsafni. Neðri mynd: Munur á mældri nýtingu og spá um nýtingu fyrir prófunarsafn.	65
Mynd 4.29	Spá um nýtingu út frá nýtingarlíkani 3 (spá 3) og nýtingarlíkani 2 (spá 2), ásamt 95% vikmörkum. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	67
Mynd 4.30	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda orma, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti 310 -775 sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	69
Mynd 4.31	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda blóð- og holdroðabletta, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	71
Mynd 4.32	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda losbletta, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	73
Mynd 5.1	Normaldreifingarrit fyrir eiginleikabreyturnar drip, pH, vatnsinnihald og vatnsheldni.	75
Mynd 5.2	Meðaltal drips og sýrustigs, ásamt 95% vikmörkum, fyrir mánuðina september 2002 – júlí 2003.	77
Mynd 5.3	Meðaltal vatnsinnihalds og vatnsheldni, ásamt 95% vikmörkum, fyrir mánuðina september 2002 – júlí 2003.	78
Mynd 5.4	Drip sem fall af sýrustigi og vatnsheldni.	78
Mynd 5.5	Vatnsinnihald og vatnsheldni sem fall af sýrustigi.	79
Mynd 5.6	Til vinstri: Nýting sem fall af vatnsinnihaldi. Til hægri: Los sem fall af vatnsheldni.	79
Mynd 6.1	Niðurstöður athugana á tíðni hringormasýkingar við Ísland sumarið 1973. Mynd: Björn Dagbjartsson, 1973.	84

Mynd 4.26	Normaldreifingarrit og stöplarit fyrir restliði nýtingarlíkans, eftir að nokkur útgildi höfðu verið tekin út. Bogadregna línan á stöplaritinu er fræðileg normaldreifing.	57
Mynd 4.27	Spá um nýtingu í ágúst-sept 2003. Talan 1 á við nýtingarlíkan 1. Talan 2 á við nýtingarlíkan 2. Mæling er mæld flakanýting hjá Samherja. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	64
Mynd 4.28	Efri mynd: 95% vikmörk fyrir spá um nýtingu á prófunarsafni. Neðri mynd: Munur á mældri nýtingu og spá um nýtingu fyrir prófunarsafn.	65
Mynd 4.29	Spá um nýtingu út frá nýtingarlíkani 3 (spá 3) og nýtingarlíkani 2 (spá 2), ásamt 95% vikmörkum. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	67
Mynd 4.30	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda orma, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti 310 -775 sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	69
Mynd 4.31	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda blóð- og holdroðabletta, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	71
Mynd 4.32	Spá líkana fyrir kvaðratrót af fjölda losbletta, ásamt mælingum og vikmörkum. Spá 1 á við spá líkans sem gert er með svæði sem staðsetningarbreytu. Spá 2 á við spá líkans sem gert er með reiti sem staðsetningarbreytu. Brotalínurnar “efri” og “neðri” sýna 95% öryggismörk spánna.	73
Mynd 5.1	Normaldreifingarrit fyrir eiginleikabreyturnar drip, pH, vatnsinnihald og vatnsheldni.	75
Mynd 5.2	Meðaltal drips og sýrustigs, ásamt 95% vikmörkum, fyrir mánuðina september 2002 – júlí 2003.	77
Mynd 5.3	Meðaltal vatnsinnihalds og vatnsheldni, ásamt 95% vikmörkum, fyrir mánuðina september 2002 – júlí 2003.	78
Mynd 5.4	Drip sem fall af sýrustigi og vatnsheldni.	78
Mynd 5.5	Vatnsinnihald og vatnsheldni sem fall af sýrustigi.	79
Mynd 5.6	Til vinstri: Nýting sem fall af vatnsinnihaldi. Til hægri: Los sem fall af vatnsheldni.	79
Mynd 6.1	Niðurstöður athugana á tíðni hringormasýkingar við Ísland sumarið 1973. Mynd: Björn Dagbjartsson, 1973.	84

Tölur

Tafla 4.1 Niðurstöður Kolmogorov-Smirnoff prófs fyrir normaldreifingu áhrifabreytanna.....	30
Tafla 4.2 Niðurstöður Levene's prófs varðandi dreifni áhrifabreytanna, flokkað eftir svæðum. Ef p-gildi er lægra en 0,05 er dreifni breytunnar sem við á ekki jöfn eftir svæðum ef miðað er við 95% öryggismörk.	33
Tafla 4.3 Fjöldi mælinga, flokkað eftir mánuðum, skipum, svæðum 1-2 og veiðireitum 1-7.	33
Tafla 4.4 Meðaltal og staðalskekkja meðaltals áhrifabreyta eftir mánuðum	35
Tafla 4.5 Meðaltal og staðalskekkja áhrifabreyta, flokkað eftir viðum veiðisvæðum 1-7. Um er að ræða kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta.	37
Tafla 4.6 Meðaltal og staðalskekkja áhrifabreyta, flokkaðar eftir svæðum 1 og 2. Um er að ræða kvaðratrót af fyrstu 3 breytunum í töflunni.	38
Tafla 4.7 Meðaltöl fyrir áhrifabreyturnar, flokkuð eftir reitum.	41
Tafla 4.8 Meðaltöl og 95% vikmörk fyrir áhrifabreyturnar. Uppgefin gildi fyrir fyrstu 3 áhrifa-breyturnar (fjöldi orma, fjöldi blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta) eru miðaðar við að tekin sé kvaðratrót af breytunum	44
Tafla 4.9 Stíkar í fullu líkani fyrir nýtingu og p-gildi þeirra. Upphaflegt mat er byggt á öllum mælingum um nýtingu, en mat eftir að áhrifagildum hefur verið eytt byggir á gögnunum eftir að þeim mælingum sem voru áhrifamælingar skv. Cooks fjarlægð hefur verið eytt.	58
Tafla 4.10 Stíkar, breytur og tilsvarendi p-gildi sem fengust úr mismunandi valaðferðum þegar lsselect.m forritið var keyrt. AIC = Aikeke's kritería, BIC = Bayesian kritería, RSS = kvaðratsumma restliða.	60
Tafla 4.11 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu sem fást með fram-virkri aðferð og þrepa aðferð við val á breytum.	61
Tafla 4.12 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu ef skipsbreytur eru teknar út úr mælingafylki.	62
Tafla 4.13 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu ef einungis eru notaðar gallalausar mælingar (án útlaga og/eða eyða) í mælingafylki	63
Tafla 4.14 Helstu upplýsingar um nýtingarlíkön 1-3. Spáin sem um ræðir er spá um 63 nýtingarmælingar út frá gögnum sem safnað var í ágúst-september. Þau gögn voru ekki notuð við gerð líkananna	68
Tafla 4.15 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda orma. Um tvennskónar líkön er að ræða, annars vegar líkan þar sem svæði 1 og svæði 2 eru staðsetningarbreytur og hins vegar líkan þar sem reitir 310-775 eru staðsetningarbreytur.	69
Tafla 4.16 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda blóð- og holdroðabletta. Um tvennskónar líkön er að ræða, annars vegar eru svæði 1 og svæði 2 staðsetningarbreytur en hins vegar reitir 310-775.	70
Tafla 4.17 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda losbletta. Um tvennskónar líkön er að ræða, annarsvegar líkan þar sem svæði 1 og svæði 2 eru staðsetningarbreytur og hinsvegar líkan þar sem reitir 310-775 eru staðsetningarbreytur.	72

Tölur

Tafla 4.1 Niðurstöður Kolmogorov-Smirnoff prófs fyrir normaldreifingu áhrifabreytanna.....	30
Tafla 4.2 Niðurstöður Levene's prófs varðandi dreifni áhrifabreytanna, flokkað eftir svæðum. Ef p-gildi er lægra en 0,05 er dreifni breytunnar sem við á ekki jöfn eftir svæðum ef miðað er við 95% öryggismörk.	33
Tafla 4.3 Fjöldi mælinga, flokkað eftir mánuðum, skipum, svæðum 1-2 og veiðireitum 1-7.	33
Tafla 4.4 Meðaltal og staðalskekkja meðaltals áhrifabreyta eftir mánuðum	35
Tafla 4.5 Meðaltal og staðalskekkja áhrifabreyta, flokkað eftir viðum veiðisvæðum 1-7. Um er að ræða kvaðratrót af fjölda orma, fjölda blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta.	37
Tafla 4.6 Meðaltal og staðalskekkja áhrifabreyta, flokkaðar eftir svæðum 1 og 2. Um er að ræða kvaðratrót af fyrstu 3 breytunum í töflunni.	38
Tafla 4.7 Meðaltöl fyrir áhrifabreyturnar, flokkuð eftir reitum.	41
Tafla 4.8 Meðaltöl og 95% vikmörk fyrir áhrifabreyturnar. Uppgefin gildi fyrir fyrstu 3 áhrifa-breyturnar (fjöldi orma, fjöldi blóð- og holdroðabletta og fjölda losbletta) eru miðaðar við að tekin sé kvaðratrót af breytunum	44
Tafla 4.9 Stíkar í fullu líkani fyrir nýtingu og p-gildi þeirra. Upphaflegt mat er byggt á öllum mælingum um nýtingu, en mat eftir að áhrifagildum hefur verið eytt byggir á gögnunum eftir að þeim mælingum sem voru áhrifamælingar skv. Cooks fjarlægð hefur verið eytt.	58
Tafla 4.10 Stíkar, breytur og tilsvarendi p-gildi sem fengust úr mismunandi valaðferðum þegar lsselect.m forritið var keyrt. AIC = Aikeke's kritería, BIC = Bayesian kritería, RSS = kvaðratsumma restliða.	60
Tafla 4.11 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu sem fást með fram-virkri aðferð og þrepa aðferð við val á breytum.	61
Tafla 4.12 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu ef skipsbreytur eru teknar út úr mælingafylki.	62
Tafla 4.13 Stíkar í líkönum fyrir nýtingu ef einungis eru notaðar gallalausar mælingar (án útlaga og/eða eyða) í mælingafylki	63
Tafla 4.14 Helstu upplýsingar um nýtingarlíkön 1-3. Spáin sem um ræðir er spá um 63 nýtingarmælingar út frá gögnum sem safnað var í ágúst-september. Þau gögn voru ekki notuð við gerð líkananna	68
Tafla 4.15 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda orma. Um tvennskónar líkön er að ræða, annars vegar líkan þar sem svæði 1 og svæði 2 eru staðsetningarbreytur og hins vegar líkan þar sem reitir 310-775 eru staðsetningarbreytur.	69
Tafla 4.16 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda blóð- og holdroðabletta. Um tvennskónar líkön er að ræða, annars vegar eru svæði 1 og svæði 2 staðsetningarbreytur en hins vegar reitir 310-775.	70
Tafla 4.17 Orsakabreytur sem komust í líkön fyrir kvaðratrót af fjölda losbletta. Um tvennskónar líkön er að ræða, annarsvegar líkan þar sem svæði 1 og svæði 2 eru staðsetningarbreytur og hinsvegar líkan þar sem reitir 310-775 eru staðsetningarbreytur.	72

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til M.Sc. prófs við Véla- og iðnaðarverkfræðiskor Háskóla Íslands. Verkefnið er 30 einingar og hefur vinna við það m.a. farið fram í frystihúsi Samherja hf. á Dalvík, á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og að heimili mínu. Ég hef notið leiðsagnar Guðmundar R. Jónssonar, Sigurjóns Arasonar og Guðjóns Þorkelssonar við vinnu verkefnisins. Guðmundur er Tekn. Doktor í stærðfræðilegri tölfraði og starfar sem prófessor við Véla- og iðnaðarverkfræðiskor Háskóla Íslands. Sigurjón Arason er yfirverkfræðingur á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og dósent við Matvælafræðiskor Háskóla Íslands. Guðjón Þorkelsson er M.Sc. í matvælafræði, lektor við Matvælafræðiskor HÍ og deildarstjóri á rannsóknasviði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Verkefnið fékk styrk úr tæknisjóði Rannsóknarráðs Íslands (Rannís). Það er hluti af stærra verkefni sem nefnist vinnsluspá þorskafla og hefur það að markmiði að auka arðsemi þorskvinnslu á Íslandi. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Háskóli Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Samherji hf, AGR hf og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

Allir þeir er að verkefninu komu eiga þakkir skilið fyrir þeirra þátt. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Samherja hf. þakka ég fyrir aðstöðu jafnt sem tíma og vinnu starfsmanna. Sérstakar þakkir vil ég færa forsvarsmönnum frystihúss Samherja hf. á Dalvík fyrir aðgang að gæðamælingum sem og dugnað og nákvæmni við þær mælingar. Jónu Finndísi Jónsdóttur og Stefáni Má Ágústssyni, sérfræðingum á Orkustofnun þakka ég hjálp við gerð korta af veiðisvæðum umhverfis Ísland. Leiðbeinendum mínum þakka ég góða leiðsögn, ábendingar og samstarf. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni allan stuðninginn auk aðstoðar við yfirlestur.

Reykjavík, október 2003

Sveinn Margeirsson

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til M.Sc. prófs við Véla- og iðnaðarverkfræðiskor Háskóla Íslands. Verkefnið er 30 einingar og hefur vinna við það m.a. farið fram í frystihúsi Samherja hf. á Dalvík, á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og að heimili mínu. Ég hef notið leiðsagnar Guðmundar R. Jónssonar, Sigurjóns Arasonar og Guðjóns Þorkelssonar við vinnu verkefnisins. Guðmundur er Tekn. Doktor í stærðfræðilegri tölfraði og starfar sem prófessor við Véla- og iðnaðarverkfræðiskor Háskóla Íslands. Sigurjón Arason er yfirverkfræðingur á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og dósent við Matvælafræðiskor Háskóla Íslands. Guðjón Þorkelsson er M.Sc. í matvælafræði, lektor við Matvælafræðiskor HÍ og deildarstjóri á rannsóknasviði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Verkefnið fékk styrk úr tæknisjóði Rannsóknarráðs Íslands (Rannís). Það er hluti af stærra verkefni sem nefnist vinnsluspá þorskafla og hefur það að markmiði að auka arðsemi þorskvinnslu á Íslandi. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Háskóli Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Samherji hf, AGR hf og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

Allir þeir er að verkefninu komu eiga þakkir skilið fyrir þeirra þátt. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Samherja hf. þakka ég fyrir aðstöðu jafnt sem tíma og vinnu starfsmanna. Sérstakar þakkir vil ég færa forsvarsmönnum frystihúss Samherja hf. á Dalvík fyrir aðgang að gæðamælingum sem og dugnað og nákvæmni við þær mælingar. Jónu Finndísi Jónsdóttur og Stefáni Má Ágústssyni, sérfræðingum á Orkustofnun þakka ég hjálp við gerð korta af veiðisvæðum umhverfis Ísland. Leiðbeinendum mínum þakka ég góða leiðsögn, ábendingar og samstarf. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni allan stuðninginn auk aðstoðar við yfirlestur.

Reykjavík, október 2003

Sveinn Margeirsson

1 Inngangur

Efnahagur Íslendinga hefur oft sveiflast í takt við þorskveiðar við Íslandsstrendur. Þrátt fyrir að annar iðnaður en fiskiðnaður hafi byggst upp og fleiri fisktegundir séu veiddar en áður hefur “sá guli” enn mikil áhrif á efnahagsástand á landinu. Það er því mikilvægt fyrir stjórnvöld, útgerðar- og vinnsluaðila að hafa í höndunum góðar og nákvæmar upplýsingar þegar taka skal ákvarðanir varðandi þá auðlind sem þorskur er og reyna að hámarka arð af henni.

Þegar hámarkaður er arður af vöru eins og þorski má segja að tiltölulega einföld lögmál gildi. Í grundvallaratriðum er það margfeldi magns af veiddum þorski og þess arðs sem fæst á þyngdareiningu sem segir til um heildararðsemina af þorskveiðum og þorskvinnslu. Þorskur er takmörkuð auðlind. Það er því eðlilegt að sjónum sé beint að því hvernig hámarka má arð þess afla sem á land kemur.

Stjórnun þorskveiða og þorskvinnslu við og á Íslandi hefur sennilega aldrei verið jafn markviss og hún er nú. Sú þekking sem aðilar eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnun og útgerðar- og vinnsluaðilar hafa aflað á síðastliðnum áratugum er umtalsverð og gerir stjórnun þessarar mikilvægustu auðlindar okkar Íslendinga markvissari en áður var. Markaðsstarf, framfarir í vinnslutækni, meiri sjálfvirkni og aukin þekking á áhrifum ísingar eru meðal þeirra þátta sem vegið hafa á móti áhrifum þeirrar aflaskerðingar sem orðið hefur. Segja má að neyðin hafi kennt naktri konu að spinna.

Þrátt fyrir meiri þekkingu en áður, er margt enn óljóst. Hafrannsóknastofnun hefur sinnt hlutverki sínu og aflað upplýsinga um lífríki sjávar og á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur verið rannsakað nokkuð hvaða breytur hafa áhrif á verðmæti þorsks. Að frátöldu meistaraverkefni Sólveigar Ingólfsdóttur (1996) og Aflabót Jóns Heiðars Ríkharðssonar og Rúnars Birgissonar (1996), hafa á hinn bóginn ekki mörg íslensk rannsóknaverkefni beinst að því að kortleggja breytur sem áhrif hafa á verðmæti þorsks. Bæði þessi verkefni voru tiltölulega lítil í þeim skilningi að ekki var aflað mikilla gagna og því erfitt að alhæfa út frá niðurstöðunum. Brynjólfur Eyjólfsson o.fl. (2001) fóru nýjar leiðir, skoðuðu mikið magn gagna Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu og komust að því að flakanýting ræðst að allstórum hluta af holdafari þorsks, þ.e. í hve góðum holdum hann er. Niðurstaða þeirra var einnig sú að breytileiki í holdafari er talsverður, bæði á milli tiltekinna svæða sem og innan þeirra.

Það er fleira en flakanýting sem hefur áhrif á það hve verðmætra afurða má vænta af þorski. Los og hringormar eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif, sem og blóðblettir og mar á fiskinum. Allir þeir þættir sem hafa verið taldir upp geta haft áhrif á skiptingu þorskflaka í afurðaflokka. Ekki þarf annað en að líta á verðmuninn á þorskflökum og bitum í neytendapakningum í næsta stórmarkaði til að átta sig á að skipting í afurðaflokka er mikilvægur þáttur þegar kemur að verðmætasköpun í þorskvinnslu.

1 Inngangur

Efnahagur Íslendinga hefur oft sveiflast í takt við þorskveiðar við Íslandsstrendur. Þrátt fyrir að annar iðnaður en fiskiðnaður hafi byggst upp og fleiri fisktegundir séu veiddar en áður hefur “sá guli” enn mikil áhrif á efnahagsástand á landinu. Það er því mikilvægt fyrir stjórnvöld, útgerðar- og vinnsluaðila að hafa í höndunum góðar og nákvæmar upplýsingar þegar taka skal ákvarðanir varðandi þá auðlind sem þorskur er og reyna að hámarka arð af henni.

Þegar hámarkaður er arður af vöru eins og þorski má segja að tiltölulega einföld lögmál gildi. Í grundvallaratriðum er það margfeldi magns af veiddum þorski og þess arðs sem fæst á þyngdareiningu sem segir til um heildararðsemina af þorskveiðum og þorskvinnslu. Þorskur er takmörkuð auðlind. Það er því eðlilegt að sjónum sé beint að því hvernig hámarka má arð þess afla sem á land kemur.

Stjórnun þorskveiða og þorskvinnslu við og á Íslandi hefur sennilega aldrei verið jafn markviss og hún er nú. Sú þekking sem aðilar eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnun og útgerðar- og vinnsluaðilar hafa aflað á síðastliðnum áratugum er umtalsverð og gerir stjórnun þessarar mikilvægustu auðlindar okkar Íslendinga markvissari en áður var. Markaðsstarf, framfarir í vinnslutækni, meiri sjálfvirkni og aukin þekking á áhrifum ísingar eru meðal þeirra þátta sem vegið hafa á móti áhrifum þeirrar aflaskerðingar sem orðið hefur. Segja má að neyðin hafi kennt naktri konu að spinna.

Þrátt fyrir meiri þekkingu en áður, er margt enn óljóst. Hafrannsóknastofnun hefur sinnt hlutverki sínu og aflað upplýsinga um lífríki sjávar og á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur verið rannsakað nokkuð hvaða breytur hafa áhrif á verðmæti þorsks. Að frátöldu meistaraverkefni Sólveigar Ingólfsdóttur (1996) og Aflabót Jóns Heiðars Ríkharðssonar og Rúnars Birgissonar (1996), hafa á hinn bóginn ekki mörg íslensk rannsóknaverkefni beinst að því að kortleggja breytur sem áhrif hafa á verðmæti þorsks. Bæði þessi verkefni voru tiltölulega lítil í þeim skilningi að ekki var aflað mikilla gagna og því erfitt að alhæfa út frá niðurstöðunum. Brynjólfur Eyjólfsson o.fl. (2001) fóru nýjar leiðir, skoðuðu mikið magn gagna Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu og komust að því að flakanýting ræðst að allstórum hluta af holdafari þorsks, þ.e. í hve góðum holdum hann er. Niðurstaða þeirra var einnig sú að breytileiki í holdafari er talsverður, bæði á milli tiltekinna svæða sem og innan þeirra.

Það er fleira en flakanýting sem hefur áhrif á það hve verðmætra afurða má vænta af þorski. Los og hringormar eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif, sem og blóðblettir og mar á fiskinum. Allir þeir þættir sem hafa verið taldir upp geta haft áhrif á skiptingu þorskflaka í afurðaflokka. Ekki þarf annað en að líta á verðmuninn á þorskflökum og bitum í neytendapakningum í næsta stórmarkaði til að átta sig á að skipting í afurðaflokka er mikilvægur þáttur þegar kemur að verðmætasköpun í þorskvinnslu.

Þróun á matvælamarkaði hefur verið í átt til fullvinnslu síðustu ár. Í ljósi alþjóðavæðingar, jafnréttisbaráttu og óska fólks um að verja frítíma sínum annarsstaðar en framan við eldavélina er ekki líklegt að þeirri þróun verði viðsnúið í bráð. Vöxtur þekkingarfyrirtækja eins og Bakkavarar hf. er dæmi um ánægjulega afleiðingu aukinnar fullvinnslu sjávarfangs. Þekking á eðliseiginleikum þorsks er mikilvæg svo að fylgja megi þessari þróun innan þorskvinnslunnar.

Ritgerð þessi fjallar um rannsókn á flakanýtingu, gæða- og eðliseiginleikum þorsks og tengslum þessara þátta við ýmsar breytur í þorskveiðum og þorskvinnslu. Þeir gæðaeiginleikar sem voru skoðaðir voru hringormar, los, blóð og holddroði. Eðliseiginleikarnir voru drip, sýrustig, vatnsinnihald og vatnsheldni. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða breytur hafa áhrif á nýtinguna, gæðaeiginleikana og eðliseiginleikana auk þess að greina hvernig áhrifin eru.

Ritgerðin skiptist í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn fjallar um þá þekkingu sem til staðar er á sviði rannsóknarinnar. Annar hlutinn dregur fram helstu framkvæmdaþætti. Þriðji hlutinn skiptist í raun í tvennt. Þar eru settar fram niðurstöður, annars vegar fyrir nýtingu og gæðaeiginleika og hins vegar fyrir eðliseiginleika. Í fjórða hluta er að finna samantekt á niðurstöðum og þær bornar saman við niðurstöður fyrri rannsókna auk þess sem vöngum er velt yfir skynsamlegu framhaldi verkefnisins.

Þróun á matvælamarkaði hefur verið í átt til fullvinnslu síðustu ár. Í ljósi alþjóðavæðingar, jafnréttisbaráttu og óska fólks um að verja frítíma sínum annarsstaðar en framan við eldavélina er ekki líklegt að þeirri þróun verði viðsnúið í bráð. Vöxtur þekkingarfyrirtækja eins og Bakkavarar hf. er dæmi um ánægjulega afleiðingu aukinnar fullvinnslu sjávarfangs. Þekking á eðliseiginleikum þorsks er mikilvæg svo að fylgja megi þessari þróun innan þorskvinnslunnar.

Ritgerð þessi fjallar um rannsókn á flakanýtingu, gæða- og eðliseiginleikum þorsks og tengslum þessara þátta við ýmsar breytur í þorskveiðum og þorskvinnslu. Þeir gæðaeiginleikar sem voru skoðaðir voru hringormar, los, blóð og holddroði. Eðliseiginleikarnir voru drip, sýrustig, vatnsinnihald og vatnsheldni. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða breytur hafa áhrif á nýtinguna, gæðaeiginleikana og eðliseiginleikana auk þess að greina hvernig áhrifin eru.

Ritgerðin skiptist í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn fjallar um þá þekkingu sem til staðar er á sviði rannsóknarinnar. Annar hlutinn dregur fram helstu framkvæmdaþætti. Þriðji hlutinn skiptist í raun í tvennt. Þar eru settar fram niðurstöður, annars vegar fyrir nýtingu og gæðaeiginleika og hins vegar fyrir eðliseiginleika. Í fjórða hluta er að finna samantekt á niðurstöðum og þær bornar saman við niðurstöður fyrri rannsókna auk þess sem vöngum er velt yfir skynsamlegu framhaldi verkefnisins.

2 Fræði

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða breytur (orsakabreytur) hefðu áhrif á nýtingu og ýmsa gæða- og eðliseiginleika þorsks (áhrifabreytur) og hvernig áhrifin væru. Ennfremur var stefnt að gerð spálíkana fyrir nýtinguna og gæða- og eðliseiginleikana ef grundvöllur væri fyrir slíku.

Orsakabreyta er skilgreind sem breyta sem orsakar breytingu í öðrum breytum (áhrifabreytum). Eftirfarandi breytur er talið var að gætu verið orsakabreytur voru mældar og skráðar:

- Árstími
- Veiðislóð
- Stærð hola [kör]
- Holnúmer
- Hve lengi var togað (veiðitími; mínútur)
- Aldur hráefnis við móttöku [dagar]
- Þyngd [kg] og lengd þorsks [cm] og þar með holdastuðull (kg/m^3)
- Þyngd hauss [kg] og haushlutfall
- Fjöldi fiska og þyngd [kg] í kari
- Skip

Áhrifabreyta er hér skilgreind sem breyta sem hefur áhrif á verðmæti og/eða gæði þorskafurða. Eftirfarandi breytur er talið var að gætu verið áhrifabreytur voru mældar og skráðar:

- Nýting [%]
- Fjöldi hringorma
- Fjöldi blóð- og holdroðabletta
- Fjöldi losbletta
- Drip
- Sýrustig (pH) þorskvöðvans.
- Vatnsinnihald
- Vatnsheldni (Water Holding Capacity; WHC)

Rannsókninni var skipt í 2 hluta. Annar hluti rannsóknarinnar snerist um gæðaeftirlit Samherja hf. á Dalvík. Þar voru reglulega tekin sýni úr afla og fyrsttöldu 4 áhrifabreyturnar mældar auk þess sem orsakabreyturnar aldur hráefnis við móttöku, þyngd, þyngd hauss og lengd voru mældar og skráðar. Þessum gögnum var safnað í meira en 2 ár.

Hins vegar var um að ræða ítarlegri rannsókn á 178 þorskum veiddum á fiskveiðiárinu 2002-2003. Sömu breytur voru mældar þar og í hinum hlutanum auk drips, sýrustigs, vatnsinnihalds og vatnsheldni (áhrifabreytur). Í þessum hluta fóru starfsmenn Samherja

2 Fræði

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða breytur (orsakabreytur) hefðu áhrif á nýtingu og ýmsa gæða- og eðliseiginleika þorsks (áhrifabreytur) og hvernig áhrifin væru. Ennfremur var stefnt að gerð spálíkana fyrir nýtinguna og gæða- og eðliseiginleikana ef grundvöllur væri fyrir slíku.

Orsakabreyta er skilgreind sem breyta sem orsakar breytingu í öðrum breytum (áhrifabreytum). Eftirfarandi breytur er talið var að gætu verið orsakabreytur voru mældar og skráðar:

- Árstími
- Veiðislóð
- Stærð hola [kör]
- Holnúmer
- Hve lengi var togað (veiðitími; mínútur)
- Aldur hráefnis við móttöku [dagar]
- Þyngd [kg] og lengd þorsks [cm] og þar með holdastuðull (kg/m^3)
- Þyngd hauss [kg] og haushlutfall
- Fjöldi fiska og þyngd [kg] í kari
- Skip

Áhrifabreyta er hér skilgreind sem breyta sem hefur áhrif á verðmæti og/eða gæði þorskafurða. Eftirfarandi breytur er talið var að gætu verið áhrifabreytur voru mældar og skráðar:

- Nýting [%]
- Fjöldi hringorma
- Fjöldi blóð- og holdroðabletta
- Fjöldi losbletta
- Drip
- Sýrustig (pH) þorskvöðvans.
- Vatnsinnihald
- Vatnsheldni (Water Holding Capacity; WHC)

Rannsókninni var skipt í 2 hluta. Annar hluti rannsóknarinnar snerist um gæðaeftirlit Samherja hf. á Dalvík. Þar voru reglulega tekin sýni úr afla og fyrsttöldu 4 áhrifabreyturnar mældar auk þess sem orsakabreyturnar aldur hráefnis við móttöku, þyngd, þyngd hauss og lengd voru mældar og skráðar. Þessum gögnum var safnað í meira en 2 ár.

Hins vegar var um að ræða ítarlegri rannsókn á 178 þorskum veiddum á fiskveiðiárinu 2002-2003. Sömu breytur voru mældar þar og í hinum hlutanum auk drips, sýrustigs, vatnsinnihalds og vatnsheldni (áhrifabreytur). Í þessum hluta fóru starfsmenn Samherja

eftir sérstakri rannsóknaráætlun sem útbúin var með það í huga að ná yfir þann breytileika sem var að finna í afla Samherja, þ.e. tekinn var til skoðunar þorskur frá mismunandi veiðisvæðum og á mismunandi tímum. Þess utan var reynt eftir fremsta megni að hafa sýnatöku eins tilviljanakennda (random) og mögulegt var.

2.1 Orsakabreyturnar

Orsakabreyturnar voru bæði náttúrulegar breytur og aðrar sem koma til af mismunandi aðstæðum við veiðar. Þær voru valdar með það í huga að geta náð fram sem mestum upplýsingum um þorskin en jafnframt að geta nýtt upplýsingar úr afladagbókum togaranna. Þess ber þó að geta að mjög tímafrekt er að safna öllum upplýsingum sem mögulega skipta máli. Sökum þessa var nokkrum breytum sem mögulega var talið að skiptu máli sleppt. Dæmi um slíka breytu er hitastig sjávar.

2.1.1 Árstími

Íslenska fiskveiðiárið nær frá 1. september – 31. ágúst ár hvert. Lengi hefur verið vitað að munur er á þorski eftir árstímum. Fyrri rannsóknir (Sólveig Ingólfssdóttir, 1998) benda til að ýmsir eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar eins og sýrustig (pH), leysni prótína, harka og samloðun breytist með árstíma. Þá hefur verið sýnt fram á að hlutfall prótína og vatns sveiflast nokkuð með árstíma (Sólveig Ingólfssdóttir, 1998. Love, 1975) og er sveiflan þannig að þegar hlutfall prótína minnkar (vetur) eykst hlutfall vatns. Einnig virðist vera nokkur munur á vinnsluhæfni þorsks eftir árstíma. Dóra Gísladóttir, gæðastjóri landvinnslu Samherja hf. á Dalvík segir að síðsumars límist þorskurinn mun meira við færribönd en á öðrum tímum, auk þess sem hann sé lausari í sér, viðkvæmari fyrir hnjaski og meira um að tægjur losni úr honum í vinnslunni.

2.1.2 Veiðislóð

Segja má að þorskur veiðist allt í kringum Ísland. Mestur er aflinn vestan við land og úti fyrir Suðausturlandi. Nokkuð er mismunandi eftir veiðarfærum hvar veitt er mest. Botnvörpuveiðar eru algengastar úti fyrir Suðausturlandi og Vestfjörðum.

eftir sérstakri rannsóknaráætlun sem útbúin var með það í huga að ná yfir þann breytileika sem var að finna í afla Samherja, þ.e. tekinn var til skoðunar þorskur frá mismunandi veiðisvæðum og á mismunandi tímum. Þess utan var reynt eftir fremsta megni að hafa sýnatöku eins tilviljanakennda (random) og mögulegt var.

2.1 Orsakabreyturnar


Orsakabreyturnar voru bæði náttúrulegar breytur og aðrar sem koma til af mismunandi aðstæðum við veiðar. Þær voru valdar með það í huga að geta náð fram sem mestum upplýsingum um þorskin en jafnframt að geta nýtt upplýsingar úr afladagbókum togaranna. Þess ber þó að geta að mjög tímafrekt er að safna öllum upplýsingum sem mögulega skipta máli. Sökum þessa var nokkrum breytum sem mögulega var talið að skiptu máli sleppt. Dæmi um slíka breytu er hitastig sjávar.

2.1.1 Árstími


Íslenska fiskveiðiárið nær frá 1. september – 31. ágúst ár hvert. Lengi hefur verið vitað að munur er á þorski eftir árstímum. Fyrri rannsóknir (Sólveig Ingólfssdóttir, 1998) benda til að ýmsir eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar eins og sýrustig (pH), leysni prótína, harka og samloðun breytist með árstíma. Þá hefur verið sýnt fram á að hlutfall prótína og vatns sveiflast nokkuð með árstíma (Sólveig Ingólfssdóttir, 1998. Love, 1975) og er sveiflan þannig að þegar hlutfall prótína minnkar (vetur) eykst hlutfall vatns. Einnig virðist vera nokkur munur á vinnsluhæfni þorsks eftir árstíma. Dóra Gísladóttir, gæðastjóri landvinnslu Samherja hf. á Dalvík segir að síðsumars límist þorskurinn mun meira við færribönd en á öðrum tímum, auk þess sem hann sé lausari í sér, viðkvæmari fyrir hnjaski og meira um að tægjur losni úr honum í vinnslunni.

2.1.2 Veiðislóð

Segja má að þorskur veiðist allt í kringum Ísland. Mestur er aflinn vestan við land og úti fyrir Suðausturlandi. Nokkuð er mismunandi eftir veiðarfærum hvar veitt er mest. Botnvörpuveiðar eru algengastar úti fyrir Suðausturlandi og Vestfjörðum.



Mynd 2.1 Þorskur veiddur í botnvörpu árið 2000 (Brynjólfur Eyjólfsson ofl, 2001).



Mynd 2.1 Þorskur veiddur í botnvörpu árið 2000 (Brynjólfur Eyjólfsson ofl, 2001).

Nokkuð hefur verið deilt um áhrif togveiðarfæra á sjávarbotninn og þar með á lífsskilyrði þorsks. Ekki er hægt að segja að þetta hafi verið mikið rannsakað. Andri Teitsson (1993) talar um að hólar á sjávarbotninum hafi jafnast út fyrir tilstilli togveiðarfæra. Á móti komi grjót sem berist með hafis þannig að ekki sé hægt að fullyrða að togveiðarfæri hafi í heildina slæm áhrif á lífsskilyrði þorsks. Þetta gæti átt við úti fyrir Vestfjörðum en vandséð er að hafis hafi mikil áhrif úti fyrir Suðausturlandi.


Mismunandi er eftir veiðarfærum hve stór þorskur berst á land. Sem dæmi var fiskur veiddur í net 5,5 kg að meðaltali 1991 en fiskur veiddur á handfæri, línu og í botnvörpu á bilinu 2,2 – 2,7 kg (Andri Teitsson, 1993).

Í þessari rannsókn var hafsvæðinu í kringum Ísland skipt á þrennskonar hátt. Í fyrsta lagi var notast við veiðireitaskiptingu Fiskistofu (reitir 310-775). Í öðru lagi var hafsvæðinu skipt í 7 veiðireiti (mynd 2.3) og í þriðja lagi var því skipt í 2 svæði (mynd 2.2).


Nokkuð hefur verið deilt um áhrif togveiðarfæra á sjávarbotninn og þar með á lífsskilyrði þorsks. Ekki er hægt að segja að þetta hafi verið mikið rannsakað. Andri Teitsson (1993) talar um að hólar á sjávarbotninum hafi jafnast út fyrir tilstilli togveiðarfæra. Á móti komi grjót sem berist með hafis þannig að ekki sé hægt að fullyrða að togveiðarfæri hafi í heildina slæm áhrif á lífsskilyrði þorsks. Þetta gæti átt við úti fyrir Vestfjörðum en vandséð er að hafis hafi mikil áhrif úti fyrir Suðausturlandi.

Mismunandi er eftir veiðarfærum hve stór þorskur berst á land. Sem dæmi var fiskur veiddur í net 5,5 kg að meðaltali 1991 en fiskur veiddur á handfæri, línu og í botnvörpu á bilinu 2,2 – 2,7 kg (Andri Teitsson, 1993).

Í þessari rannsókn var hafsvæðinu í kringum Ísland skipt á þrennskonar hátt. Í fyrsta lagi var notast við veiðireitaskiptingu Fiskistofu (reitir 310-775). Í öðru lagi var hafsvæðinu skipt í 7 veiðireiti (mynd 2.3) og í þriðja lagi var því skipt í 2 svæði (mynd 2.2).



Mynd 2.2 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 2 svæði til notkunar í rannsókninni.



Mynd 2.2 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 2 svæði til notkunar í rannsókninni.



Mynd 2.3 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 7 veiðireiti til notkunar í rannsókninni.



Mynd 2.3 Skipting hafsvæðisins í kringum Ísland í 7 veiðireiti til notkunar í rannsókninni.

2.1.3 Stærð hola

Stærð hola í veiðiferð getur verið mjög mismunandi og fer að sjálfsögðu eftir aflabrogðum. Ef holin eru mjög stór má telja líklegt að einhver hluti aflans kremjist í

2.1.3 Stærð hola

Stærð hola í veiðiferð getur verið mjög mismunandi og fer að sjálfsögðu eftir aflabrogðum. Ef holin eru mjög stór má telja líklegt að einhver hluti aflans kremjist í

vörpunni. Ætla mætti að sá kramningur hafi í för með sér los og mar. Það hefur hinsvegar lítið verið kannað og var því sjónum beint að því hér.

Dauðastirðnun er það kallað þegar hold dýra dregst saman eftir dauða þeirra. Í þorski getur dauðastirðnun haft veruleg áhrif á vinnslueiginleika, sé samdrátturinn kröftugur. Dauðastirðnun verður þegar orka í vöðvum klárast (Jónas Bjarnason og Sigurjón Arason, 1998), en við það dragast þeir saman. Búast má við að fiskur sem veiddur er í botnvörpu eyði mikilli orku í sund síðustu mínútur ævi sinnar og fari því fljótt í dauðastirðnun. Ísun (kæling) hægir á dauðastirðnun og er því mikilvægt að ísa þorsk fljótt. Fleira en ísun veltur á snörum vinnubrögðum áhafnar. Biðtími fyrir blóðgun hefur áberandi neikvæð áhrif á verðmæti afurða (Jón Heiðar Ríkharðsson og Rúnar Birgisson, 1996). Biðtíma fyrir blóðgun og hraða kælingar var ekki unnt að mæla í tengslum við rannsókn þessa.

2.1.4 Aldur hráefnis við móttöku

Um leið og þorski hefur verið slátrað hefjast skemmdaferli í vöðvum hans. Nokkur munur er á því hvert geymsluþol þorsks í ís er talið vera, en almennt er það talið ná frá 10-12 dögum (Emilía Martinsdóttir ofl, 1991) upp í 2 vikur (Sigmar V. Hjartarson ofl., 1998). Á þeim tíma sem líður frá slátrun (veiði) þorsksins og uns geymsluþol hans er búið eykst örverufjöldi og gæði hans versna. Mismunandi kröfur um ferskleika hráefnis eru gerðar eftir vinnsluleiðum. Fyrir þorsk sem fluttur er með flugi beint á erlendan markað (og jafnan fæst hæst verð fyrir) er ferskleikinn algjört grundvallaratriði. Fyrir þorsk sem frystur er í blokk er ferskleikinn ekki jafn mikið höfuðmál, þó að geymsluþol frosins þorsks ráðist að miklu leyti af því hve langur tími líður frá veiðum og að frystingu. Fyrir framleiðslu bita úr fiskinum er ferskleikinn mikilvægur. Almennt má segja að ferskleiki hráefnis sé einn af mikilvægustu þáttunum sem hafa áhrif á verðmæti þorskafurða. Einn mælikvarði á ferskleika er RT mæligildi = $14,1 - 0,565 \cdot \text{Fjöldi daga í ís}$ (Rúnar Birgisson, 1995), en skv. þeim mælikvarða minnkar ferskleiki línulega með fjölda daga í ís. Skv. Jóni Heiðari Ríkharðssyni og Rúnari Birgissyni (1996) getur geymsla umfram 6-7 daga í ís haft í för með sér verðmætatap upp á 8-10%. Í samræmi við það er niðurstaða Ara P. Wendel (1995), sem kannaði ferskfiskmarkaði og fann tilhneygingu í þá átt að lægra verð fengist fyrir fisk því eldri sem hann var.

2.1.5 Þyngd og lengd (holdafar)

Eins og fram kom í kafla 2.1.1 minnkar hlutfall prótína í fiskholdinu þegar kemur fram á vetur en hlutfall vatns eykst. Að líkindum er þorskurinn með þessu að undirbúa hrygningu, þ.e. uppbygging hroga og svilja er hafin. Eftir hrygningu ganga þessar breytingar svo til baka. Þessar sveiflur, auk almenns árferðis hafa mikil áhrif á holdafar þorsks. Holdafar þorsks er gjarnan mælt með holdastuðli (Condition factor (C)). Holdastuðull er hlutfallið milli þyngdar og lengdar í 3. veldi:

vörpunni. Ætla mætti að sá kramningur hafi í för með sér los og mar. Það hefur hinsvegar lítið verið kannað og var því sjónum beint að því hér.

Dauðastirðnun er það kallað þegar hold dýra dregst saman eftir dauða þeirra. Í þorski getur dauðastirðnun haft veruleg áhrif á vinnslueiginleika, sé samdrátturinn kröftugur. Dauðastirðnun verður þegar orka í vöðvum klárast (Jónas Bjarnason og Sigurjón Arason, 1998), en við það dragast þeir saman. Búast má við að fiskur sem veiddur er í botnvörpu eyði mikilli orku í sund síðustu mínútur ævi sinnar og fari því fljótt í dauðastirðnun. Ísun (kæling) hægir á dauðastirðnun og er því mikilvægt að ísa þorsk fljótt. Fleira en ísun veltur á snörum vinnubrögðum áhafnar. Biðtími fyrir blóðgun hefur áberandi neikvæð áhrif á verðmæti afurða (Jón Heiðar Ríkharðsson og Rúnar Birgisson, 1996). Biðtíma fyrir blóðgun og hraða kælingar var ekki unnt að mæla í tengslum við rannsókn þessa.

2.1.4 Aldur hráefnis við móttöku

Um leið og þorski hefur verið slátrað hefjast skemmdaferli í vöðvum hans. Nokkur munur er á því hvert geymsluþol þorsks í ís er talið vera, en almennt er það talið ná frá 10-12 dögum (Emilía Martinsdóttir ofl, 1991) upp í 2 vikur (Sigmar V. Hjartarson ofl., 1998). Á þeim tíma sem líður frá slátrun (veiði) þorsksins og uns geymsluþol hans er búið eykst örverufjöldi og gæði hans versna. Mismunandi kröfur um ferskleika hráefnis eru gerðar eftir vinnsluleiðum. Fyrir þorsk sem fluttur er með flugi beint á erlendan markað (og jafnan fæst hæst verð fyrir) er ferskleikinn algjört grundvallaratriði. Fyrir þorsk sem frystur er í blokk er ferskleikinn ekki jafn mikið höfuðmál, þó að geymsluþol frosins þorsks ráðist að miklu leyti af því hve langur tími líður frá veiðum og að frystingu. Fyrir framleiðslu bita úr fiskinum er ferskleikinn mikilvægur. Almennt má segja að ferskleiki hráefnis sé einn af mikilvægustu þáttunum sem hafa áhrif á verðmæti þorskafurða. Einn mælikvarði á ferskleika er RT mæligildi = $14,1 - 0,565 \cdot \text{Fjöldi daga í ís}$ (Rúnar Birgisson, 1995), en skv. þeim mælikvarða minnkar ferskleiki línulega með fjölda daga í ís. Skv. Jóni Heiðari Ríkharðssyni og Rúnari Birgissyni (1996) getur geymsla umfram 6-7 daga í ís haft í för með sér verðmætatap upp á 8-10%. Í samræmi við það er niðurstaða Ara P. Wendel (1995), sem kannaði ferskfiskmarkaði og fann tilhneygingu í þá átt að lægra verð fengist fyrir fisk því eldri sem hann var.

2.1.5 Þyngd og lengd (holdafar)

Eins og fram kom í kafla 2.1.1 minnkar hlutfall prótína í fiskholdinu þegar kemur fram á vetur en hlutfall vatns eykst. Að líkindum er þorskurinn með þessu að undirbúa hrygningu, þ.e. uppbygging hroga og svilja er hafin. Eftir hrygningu ganga þessar breytingar svo til baka. Þessar sveiflur, auk almenns árferðis hafa mikil áhrif á holdafar þorsks. Holdafar þorsks er gjarnan mælt með holdastuðli (Condition factor (C)). Holdastuðull er hlutfallið milli þyngdar og lengdar í 3. veldi:

$$C = \frac{byngd}{lengd^3} \quad (2-1)$$

Holdafar virðist hafa áhrif á ýmsa eiginleika í vinnslu. Sýnt hefur verið fram á að flakanýting hækkar með holdastuðli og einnig að holdastuðull hækkar með aukinni stærð þorsks (Brynjólfur Eyjólfsson ofl., 2001). Forkönnun Rúnars Birgissonar (1995) benti til að los ykist með hækkandi holdastuðli. Ef nýting batnar og los eykst með hækkandi holdastuðli er í raun ekki hægt að fullyrða að verðmæti afurða aukist með hækkandi holdastuðli, því mikið los getur leitt til þess að ekki er hægt að vinna þorsk í verðmætustu afurðirnar. Þess ber hinsvegar að geta að í fyrirnefndri forkönnun Rúnars Birgissonar kom fram að los virtist aukast með stærð þorsks. Það er í mótsögn við Love (1975), sem fann út að los í smáum þorski væri meira en í stórum þorski. Þá segir Sigurjón Arason (2002) að verð á þyngdareiningu á þorski hækki með aukinni þyngd þorsks og hækkuðum holdastuðli, sama hvert veiðarfærið er, enda aukist hlutfall bita úr ósnyrtu flaki og þyngd bita aukist. Þá kemur fram hjá Love (1975) að stærri fiskur geymist lengur en minni fiskur, e.t.v. vegna þess að hlutfallslega er yfirborðsflatarmál fisks á rúmmálseiningu meira hjá minni fiskum en stórum. Love heldur því einnig fram að stærð fisks hafi áhrif á áferð hans.

Að ofansögðu má ætla að aukin stærð (þyngd) þorsks auki verðmæti hans á þyngdareiningu. Það er í góðu samræmi við umtal um brottkast á smáfiski, en ástæður þess að menn henda smáfiski eiga að vera þær að mun betra verð fáið fyrir stærri fiskinn.

Holdastuðull er reiknaður hér samkvæmt:

$$C = \frac{byngd[kg]}{(lengd[cm])^3} \cdot 10^5 \quad (2-2)$$

Þessi jafna gefur í raun tífalt lægri holdastuðul en útreikningur í SI-einingakerfinu myndi gera. Samanburður við holdafar Brynjólfs Eyjólfssonar (2001) er hins vegar einfaldari, auk þess sem venja er að reikna holdafar þorsks á þennan hátt:

$$Holdafar = \frac{byngd[kg]}{0,006847 \cdot (lengd[cm])^{3,019}} \quad (2-3)$$

2.1.6 Skipin

Íslensk fiskiskip eru af ýmsum gerðum. Bátar undir 10 brúttólestum, bátar yfir 10 brúttólestum, ísfisktogarar og frystitogarar eru algengustu gerðirnar og veiddu t.a.m. langstærsta hluta þorskaflans árið 1998 (Þjóðhagsstofnun, 2003). Sá afli sem var til skoðunar hér var veiddur af 5 skipum, en þau voru:

$$C = \frac{byngd}{lengd^3} \quad (2-1)$$

Holdafar virðist hafa áhrif á ýmsa eiginleika í vinnslu. Sýnt hefur verið fram á að flakanýting hækkar með holdastuðli og einnig að holdastuðull hækkar með aukinni stærð þorsks (Brynjólfur Eyjólfsson ofl., 2001). Forkönnun Rúnars Birgissonar (1995) benti til að los ykist með hækkandi holdastuðli. Ef nýting batnar og los eykst með hækkandi holdastuðli er í raun ekki hægt að fullyrða að verðmæti afurða aukist með hækkandi holdastuðli, því mikið los getur leitt til þess að ekki er hægt að vinna þorsk í verðmætustu afurðirnar. Þess ber hinsvegar að geta að í fyrirnefndri forkönnun Rúnars Birgissonar kom fram að los virtist aukast með stærð þorsks. Það er í mótsögn við Love (1975), sem fann út að los í smáum þorski væri meira en í stórum þorski. Þá segir Sigurjón Arason (2002) að verð á þyngdareiningu á þorski hækki með aukinni þyngd þorsks og hækkuðum holdastuðli, sama hvert veiðarfærið er, enda aukist hlutfall bita úr ósnyrtu flaki og þyngd bita aukist. Þá kemur fram hjá Love (1975) að stærri fiskur geymist lengur en minni fiskur, e.t.v. vegna þess að hlutfallslega er yfirborðsflatarmál fisks á rúmmálseiningu meira hjá minni fiskum en stórum. Love heldur því einnig fram að stærð fisks hafi áhrif á áferð hans.

Að ofansögðu má ætla að aukin stærð (þyngd) þorsks auki verðmæti hans á þyngdareiningu. Það er í góðu samræmi við umtal um brottkast á smáfiski, en ástæður þess að menn henda smáfiski eiga að vera þær að mun betra verð fáið fyrir stærri fiskinn.

Holdastuðull er reiknaður hér samkvæmt:

$$C = \frac{byngd[kg]}{(lengd[cm])^3} \cdot 10^5 \quad (2-2)$$

Þessi jafna gefur í raun tífalt lægri holdastuðul en útreikningur í SI-einingakerfinu myndi gera. Samanburður við holdafar Brynjólfs Eyjólfssonar (2001) er hins vegar einfaldari, auk þess sem venja er að reikna holdafar þorsks á þennan hátt:

$$Holdafar = \frac{byngd[kg]}{0,006847 \cdot (lengd[cm])^{3,019}} \quad (2-3)$$

2.1.6 Skipin

Íslensk fiskiskip eru af ýmsum gerðum. Bátar undir 10 brúttólestum, bátar yfir 10 brúttólestum, ísfisktogarar og frystitogarar eru algengustu gerðirnar og veiddu t.a.m. langstærsta hluta þorskaflans árið 1998 (Þjóðhagsstofnun, 2003). Sá afli sem var til skoðunar hér var veiddur af 5 skipum, en þau voru:

- ✓ Björgúlfur EA-312 (skip 1)
- ✓ Margrét EA-710 (skip 2)
- ✓ Kambaröst SU-200 (skip 3)
- ✓ Hjalteyrin EA-310 (skip 4)
- ✓ Bjartur NK-121 (skip 5)

Kambaröst SU-200 var seld sumarið 2002. Nokkrir nemendur Háskólans á Akureyri voru um borð í Björgúlfi EA-312 á vordögum 2002 og skoðuðu meðferð afla m.t.t. kælingar, þvottatíma, hnjaskis o.fl. þátta og voru gerðar smávægilegar breytingar á skipinu í kjölfar þess. Öll þessi skip veiða þorsk með botnvörpu.

2.1.7 Þyngd hauss og haushlutfall

Haushlutfall þorsks er einfaldlega skilgreint sem hlutfall þyngdar þorskhauss og þyngdar slægðs þorsks fyrir hausun. Hausinn á þorskinum er tiltölulega lítill virði og því vinnslunni mikilvægt að haushlutfall sé sem lægst, en þannig fer stærri hluti þorsksins í verðmætar afurðir. Skv. rannsókn Brynjólfs Eyjólfsssonar (2001) ræðst haushlutfall fyrst og fremst af holdafari og lækkar haushlutfall með hækkanði holdastuðli. Það virðist eðlilegt, enda ekki óeðlilegt að ætla að horaður fiskur hafi hátt haushlutfall. Rúnar Birgissonar var á svipuðum nótum en skv. hans niðurstöðum minnkaði haushlutfall með stærð, sem passar ágætlega, því holdastuðull virðist hækka með stærð eins og fram kom í kafla 2.1.5. Þá kemur fram hjá Rúnari að karlkyns þorskar virðast hafa hærri hlutfall hauss og lægri holdastuðul en kvenkyns þorskar. Því er spurning hvort skýringin á hærri hlutfalli hauss hjá karlþorskum sé ekki einfaldlega lægri holdastuðull.

2.2 Áhrifabreyturnar

2.2.1 Nýting

Við vinnslu afla er nýting grundvallaratriði þegar kemur að því að skapa verðmæti. Í raun er rétt að skipta nýtingu þorsks í tvennt, flökunarnýtingu og vinnslunýtingu. Flökunarnýting er hlutfall þyngdar flaka og slægðs fisks. Flökunarnýting þorsks með roði og beinum þykir góð ef hún er um og yfir 50%, en hún er gjarnan ívið hærri fyrir handflökun en vélflökun. Skv. Rúnari Birgissyni (1995) eykst flökunarnýting með stærð og slóghlutfalli fisksins, en minnkar með hærri haushlutfalli. Þá virtist flökunarnýtingin aukast í hlutfalli við holdastuðul og er það í samræmi við Brynjólf Eyjólfsson (2001).

Vinnslunýting er hlutfall afurða og slægðs fisks með haus (smh). Vinnslunýtingin fer að sjálfsögðu eftir því um hvaða afurðir er að ræða, svo og eftir ýmsum öðrum þáttum. Samkvæmt Dóru Gísladóttir (2002) hafa los, holdroði og blóðblettir talsverð áhrif á vinnslunýtingu. Holdroði og blóðblettir einfaldlega af því að þeir krefjast þess að í snyrtingu sé meira af holdi skorið af þorskinum en ella. Ef fiskur er laus í sér losna

- ✓ Björgúlfur EA-312 (skip 1)
- ✓ Margrét EA-710 (skip 2)
- ✓ Kambaröst SU-200 (skip 3)
- ✓ Hjalteyrin EA-310 (skip 4)
- ✓ Bjartur NK-121 (skip 5)

Kambaröst SU-200 var seld sumarið 2002. Nokkrir nemendur Háskólans á Akureyri voru um borð í Björgúlfi EA-312 á vordögum 2002 og skoðuðu meðferð afla m.t.t. kælingar, þvottatíma, hnjaskis o.fl. þátta og voru gerðar smávægilegar breytingar á skipinu í kjölfar þess. Öll þessi skip veiða þorsk með botnvörpu.

2.1.7 Þyngd hauss og haushlutfall

Haushlutfall þorsks er einfaldlega skilgreint sem hlutfall þyngdar þorskhauss og þyngdar slægðs þorsks fyrir hausun. Hausinn á þorskinum er tiltölulega lítill virði og því vinnslunni mikilvægt að haushlutfall sé sem lægst, en þannig fer stærri hluti þorsksins í verðmætar afurðir. Skv. rannsókn Brynjólfs Eyjólfsssonar (2001) ræðst haushlutfall fyrst og fremst af holdafari og lækkar haushlutfall með hækkanði holdastuðli. Það virðist eðlilegt, enda ekki óeðlilegt að ætla að horaður fiskur hafi hátt haushlutfall. Rúnar Birgissonar var á svipuðum nótum en skv. hans niðurstöðum minnkaði haushlutfall með stærð, sem passar ágætlega, því holdastuðull virðist hækka með stærð eins og fram kom í kafla 2.1.5. Þá kemur fram hjá Rúnari að karlkyns þorskar virðast hafa hærri hlutfall hauss og lægri holdastuðul en kvenkyns þorskar. Því er spurning hvort skýringin á hærri hlutfalli hauss hjá karlþorskum sé ekki einfaldlega lægri holdastuðull.

2.2 Áhrifabreyturnar

2.2.1 Nýting


Við vinnslu afla er nýting grundvallaratriði þegar kemur að því að skapa verðmæti. Í raun er rétt að skipta nýtingu þorsks í tvennt, flökunarnýtingu og vinnslunýtingu. Flökunarnýting er hlutfall þyngdar flaka og slægðs fisks. Flökunarnýting þorsks með roði og beinum þykir góð ef hún er um og yfir 50%, en hún er gjarnan ívið hærri fyrir handflökun en vélflökun. Skv. Rúnari Birgissyni (1995) eykst flökunarnýting með stærð og slóghlutfalli fisksins, en minnkar með hærri haushlutfalli. Þá virtist flökunarnýtingin aukast í hlutfalli við holdastuðul og er það í samræmi við Brynjólf Eyjólfsson (2001).

Vinnslunýting er hlutfall afurða og slægðs fisks með haus (smh). Vinnslunýtingin fer að sjálfsögðu eftir því um hvaða afurðir er að ræða, svo og eftir ýmsum öðrum þáttum. Samkvæmt Dóru Gísladóttir (2002) hafa los, holdroði og blóðblettir talsverð áhrif á vinnslunýtingu. Holdroði og blóðblettir einfaldlega af því að þeir krefjast þess að í snyrtingu sé meira af holdi skorið af þorskinum en ella. Ef fiskur er laus í sér losna

gjarnan tægjur úr honum sem verða eftir á færiböndum og vinnsulínum. Þannig hefur los ekki eingöngu bein neikvæð áhrif á vinnslunýtingu, heldur gerir þrif á vinnsulínum einnig erfiðari með auknum tilkostnaði og tilheyrandi hættu á bakteríuvesti.

2.2.2 Hringormar

Hringormar (*Phocanema decipens*) hafa lengi verið íslenskum fiskiðnaði óþægur ljár í þúfu. Hringormar lifa í mögum sela en nota ýmis sjávardýr og fiska sem millihýsla. Þorskur er algengur millihýsill og eru dæmi um að þorskar sem veiðast innihaldi yfir hundrað orma. Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafa verið gerðar nokkuð ítarlegar rannsóknir á hringormum og hefur m.a. verið sýnt fram á að nokkur munur er á efnainnihaldi hringorma og þorskholds (Björn Dagbjartsson, 1973). Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um aðferðir til að losna við ormana úr fiskholdinu, m.a. að nota röntgengeisla og rafstraum til að hreyfa við ormunum, en hefðbundin snyrting á ljósaborði hefur ekki enn verið leyst af hólmi svo að vel sé. Slík snyrting krefst talsverðs mannafla og er dýr. Ekki er algengt að fólk sýkist af hringormslirfum, enda duga flestar venjulegar matreiðsluaðferðir til að drepa hringorma. Sé fisksins hinsvegar neytt hrás (sushi) eða óhefðbundnar aðferðir eins og kaldreyking eða léttmarinering notaðar við vinnsluna getur verið hættu á að ormurinn sýki menn. Það á þó fyrst og fremst um svokallaðan hvalorm sem sýkir þorsk síður en selormur sem er aðalsýkingarvaldur þorsks (Erlingur Hauksson, 1992).



Mynd 2.4 Hringormar úr þorski sem veiddist við Breiðafjörð (Rf; mynd S0404002)


2.2.3 Blóðblettir og holdroði

Í gæðaeftirliti Samherja hf á Dalvík eru blóðblettir og holdroðablettir taldir. Blóð og holdroði eru ekki hættuleg heilsu manna, líkt og hringormar geta verið en spilla útliti þorsksins og minnka þar með verðmæti hans. Um mat á blóði og holdroða gildir, líkt og um mat á losi, að nokkuð erfitt getur verið að finna kvarða sem gefur hlutlægt mat,

gjarnan tægjur úr honum sem verða eftir á færiböndum og vinnsulínum. Þannig hefur los ekki eingöngu bein neikvæð áhrif á vinnslunýtingu, heldur gerir þrif á vinnsulínum einnig erfiðari með auknum tilkostnaði og tilheyrandi hættu á bakteríuvesti.

2.2.2 Hringormar

Hringormar (*Phocanema decipens*) hafa lengi verið íslenskum fiskiðnaði óþægur ljár í þúfu. Hringormar lifa í mögum sela en nota ýmis sjávardýr og fiska sem millihýsla. Þorskur er algengur millihýsill og eru dæmi um að þorskar sem veiðast innihaldi yfir hundrað orma. Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafa verið gerðar nokkuð ítarlegar rannsóknir á hringormum og hefur m.a. verið sýnt fram á að nokkur munur er á efnainnihaldi hringorma og þorskholds (Björn Dagbjartsson, 1973). Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um aðferðir til að losna við ormana úr fiskholdinu, m.a. að nota röntgengeisla og rafstraum til að hreyfa við ormunum, en hefðbundin snyrting á ljósaborði hefur ekki enn verið leyst af hólmi svo að vel sé. Slík snyrting krefst talsverðs mannafla og er dýr. Ekki er algengt að fólk sýkist af hringormslirfum, enda duga flestar venjulegar matreiðsluaðferðir til að drepa hringorma. Sé fisksins hinsvegar neytt hrás (sushi) eða óhefðbundnar aðferðir eins og kaldreyking eða léttmarinering notaðar við vinnsluna getur verið hættu á að ormurinn sýki menn. Það á þó fyrst og fremst um svokallaðan hvalorm sem sýkir þorsk síður en selormur sem er aðalsýkingarvaldur þorsks (Erlingur Hauksson, 1992).




Mynd 2.4 Hringormar úr þorski sem veiddist við Breiðafjörð (Rf; mynd S0404002)

2.2.3 Blóðblettir og holdroði

Í gæðaeftirliti Samherja hf á Dalvík eru blóðblettir og holdroðablettir taldir. Blóð og holdroði eru ekki hættuleg heilsu manna, líkt og hringormar geta verið en spilla útliti þorsksins og minnka þar með verðmæti hans. Um mat á blóði og holdroða gildir, líkt og um mat á losi, að nokkuð erfitt getur verið að finna kvarða sem gefur hlutlægt mat,

án tillits til þess hver það er sem mælir. Prófað hefur verið að nota einkunnaskala, t.d. á bilinu 1-6 (Jónas Bjarnason, 1998), en það hefur gefið misgóða raun. Hjá Samherja hf á Dalvík hafa nokkuð lengi verið notuð gegnsæ plastspjöld til að leggja mat á blóð, holdroða og los. Á spjaldið eru strikaðir ferningar með hliðalengd 4 cm. Blóðblettur telst þá vera ef þarf að flá flöt í snyrtingu sem er á stærð við ferning með 4cm hliðalengd. Margir litlir blettir teljast eitt blóð ef samanlögð stærð þeirra er 16cm². Á sama hátt er 1 holdroðablettur sama stærð af gegnrauðu holdi sem ekki nýtist í bitavinnslu.



Mynd 2.5 Þorsklak með blóðbletti. Myndin til vinstri sýnir stærri hluta flaksins, en myndin til hægri sýnir blóðblettinn í nærmynd.


2.2.4 Los

Jónas Bjarnason (1998) skilgreinir los sem „almenna sundurlausn vöðva, að mestu leyti án sýnilegra og ákveðinna sprungna á ákveðnum svæðum“. Sprungur séu hinsvegar mest áberandi á milli bindivefshimna í vöðvum (myocommata) inn á milli þykkra vöðvalaga (myotoma). Í grundvallaratriðum er sama skilgreining notuð hér, nema hvað ekki er gerður eiginlegur greinarmunur á losi og sprungum og notuð skilgreining sem snertir vinnsluna beint og gerir mælinguna einfaldari en ella:

1 los er skilgreint sem 16 cm² af sundurlausu fiskholdi sem ekki nýtist í bitavinnslu

Los hefur verið rannsakað nokkuð mikið samanborið við marga aðra eiginleika þorsks. Jón Heiðar Ríkharðsson og Rúnar Birgisson (1996) töldu að nota mætti slóghlutfall eða holdastuðul til að spá fyrir um los í fiskholdi. Menn eru ekki sammála um hvaða áhrif stærð fisks hafi á los eins og fram kemur í kafla 2.1.5, en almennt virðist talið að los sveiflist með árstíma og að aukning á æti í sjónum auki los.

án tillits til þess hver það er sem mælir. Prófað hefur verið að nota einkunnaskala, t.d. á bilinu 1-6 (Jónas Bjarnason, 1998), en það hefur gefið misgóða raun. Hjá Samherja hf á Dalvík hafa nokkuð lengi verið notuð gegnsæ plastspjöld til að leggja mat á blóð, holdroða og los. Á spjaldið eru strikaðir ferningar með hliðalengd 4 cm. Blóðblettur telst þá vera ef þarf að flá flöt í snyrtingu sem er á stærð við ferning með 4cm hliðalengd. Margir litlir blettir teljast eitt blóð ef samanlögð stærð þeirra er 16cm². Á sama hátt er 1 holdroðablettur sama stærð af gegnrauðu holdi sem ekki nýtist í bitavinnslu.



Mynd 2.5 Þorsklak með blóðbletti. Myndin til vinstri sýnir stærri hluta flaksins, en myndin til hægri sýnir blóðblettinn í nærmynd.

2.2.4 Los

Jónas Bjarnason (1998) skilgreinir los sem „almenna sundurlausn vöðva, að mestu leyti án sýnilegra og ákveðinna sprungna á ákveðnum svæðum“. Sprungur séu hinsvegar mest áberandi á milli bindivefshimna í vöðvum (myocommata) inn á milli þykkra vöðvalaga (myotoma). Í grundvallaratriðum er sama skilgreining notuð hér, nema hvað ekki er gerður eiginlegur greinarmunur á losi og sprungum og notuð skilgreining sem snertir vinnsluna beint og gerir mælinguna einfaldari en ella:

1 los er skilgreint sem 16 cm² af sundurlausu fiskholdi sem ekki nýtist í bitavinnslu

Los hefur verið rannsakað nokkuð mikið samanborið við marga aðra eiginleika þorsks. Jón Heiðar Ríkharðsson og Rúnar Birgisson (1996) töldu að nota mætti slóghlutfall eða holdastuðul til að spá fyrir um los í fiskholdi. Menn eru ekki sammála um hvaða áhrif stærð fisks hafi á los eins og fram kemur í kafla 2.1.5, en almennt virðist talið að los sveiflist með árstíma og að aukning á æti í sjónum auki los.

2.2.5 Drip

Drip er það vatn sem tapast við þíðingu fisks og er skilgreint sem hlutfall þyngdar vatnsins sem tapast og þyngdar fisksins. Drip orsakast af því að frumur hafa skemmt við frystingu eða vegna endurkristöllumunar í frostgeymslu. Við þetta tapast bæði vatn og vítamín. Í nautakjöti geta tapast 12% þíamíns, 10% riboflavíns og 14% níasíns. Í ávöxtum geta tapast 30% C-vítamíns (Fellows, 1998). Samkvæmt Jones (1995) eykst drip í nautakjöti samfara lækkun á sýrustigi þess.

Drip er nokkuð mikilvægur gæðaeiginleiki, enda er stór hluti fiskafurða frystur (og þíddur) áður en hann kemur á borð til neytenda. NOAA (National Oceanic and Atmospheric Administration) í Bandaríkjunum, sem gefur þarlendum fiskafurðum einkunn (t.d. U.S. Grade A) notar drip sem hluta af heildareinkunn sinni. Þar á bæ er drip yfir 6% talið koma niður á gæðum vörunnar (NOAA, 2003). Mikilvægt er þó að gera greinarmun á dripi vegna náttúrulegs safa sem fiskurinn hefur að geyma og því vatni sem tapast af glasseringu (ishúð sem oft er bætt á fisk til að verja hann fyrir þornun).

2.2.6 Sýrustig

Sýrustig (pH) gefur til kynna styrk vetnisjóna (H^+) í lausn. Vetnisjónirnar myndast þegar ekki kemur nægt súrefni til vöðva, t.d. við erfði. Við dauða stöðvast súrefnisflæði til fruma sem veldur því að glýkogen í frumum brotnar niður í mjólkursýru í stað þess að brotna niður í koltvísýring og vatn (Valdimar Ingi Gunnarsson, 2002). Þegar nánast allt glýkógen er búið í vöðvum herpast þeir saman í dauðastirðnun (rigor mortis).

Sýrustig hefur verið tengt margvíslegum eiginleikum þorsks og má t.d. nefna að Love (1975) taldi að ef sýrustig væri of lágt hefði það í för með sér seiga áferð þorsks. Hann taldi einnig að sýrustig lækkaði eftir því sem þorskurinn stækkaði. Þessi lækkun héldi áfram að takmarkandi gildi (6,2) svo framarlega sem um næga fæðu væri að ræða og þessi eiginleiki væri mögulega hluti af ástæðunni fyrir því að stór þorskur geymdist betur en minni þorskur. Sólveig Ingólfssdóttir o.fl. (1998) komust að sambærilegri niðurstöðu varðandi að stærð þorsks væri í öfugu hlutfalli við sýrustig hans, en staðfestu hinsvegar ekki takmarkandi gildið.

2.2.7 Vatnsinnihald

Vatnsinnihald þorsks liggur gjarnan á bilinu 77-83% (Kristberg Kristbergsson, 2000) og sveiflast með árstíma eins og kom fram í kafla 2.1.1. Þar sem svo stór hluti þorsks er vatn má ætla að nokkur áhrif hafi á eiginleika hans hvernig vatnsinnihaldið breytist.

Ef litið er til efnainnihalds þorsks er það prótín auk vatns sem er mest áberandi, en samanlagt standa vatn og prótín fyrir meira en 95% af efnainnihaldi þorsksins. Vatnsinnihald þorsks er talið vera mest snemma á vorin en á sama tíma er prótínnihaldið lægst. Mögulega er það uppbygging hrogna sem orsakar lágt

2.2.5 Drip

Drip er það vatn sem tapast við þíðingu fisks og er skilgreint sem hlutfall þyngdar vatnsins sem tapast og þyngdar fisksins. Drip orsakast af því að frumur hafa skemmt við frystingu eða vegna endurkristöllumunar í frostgeymslu. Við þetta tapast bæði vatn og vítamín. Í nautakjöti geta tapast 12% þíamíns, 10% riboflavíns og 14% níasíns. Í ávöxtum geta tapast 30% C-vítamíns (Fellows, 1998). Samkvæmt Jones (1995) eykst drip í nautakjöti samfara lækkun á sýrustigi þess.

Drip er nokkuð mikilvægur gæðaeiginleiki, enda er stór hluti fiskafurða frystur (og þíddur) áður en hann kemur á borð til neytenda. NOAA (National Oceanic and Atmospheric Administration) í Bandaríkjunum, sem gefur þarlendum fiskafurðum einkunn (t.d. U.S. Grade A) notar drip sem hluta af heildareinkunn sinni. Þar á bæ er drip yfir 6% talið koma niður á gæðum vörunnar (NOAA, 2003). Mikilvægt er þó að gera greinarmun á dripi vegna náttúrulegs safa sem fiskurinn hefur að geyma og því vatni sem tapast af glasseringu (ishúð sem oft er bætt á fisk til að verja hann fyrir þornun).

2.2.6 Sýrustig

Sýrustig (pH) gefur til kynna styrk vetnisjóna (H^+) í lausn. Vetnisjónirnar myndast þegar ekki kemur nægt súrefni til vöðva, t.d. við erfði. Við dauða stöðvast súrefnisflæði til fruma sem veldur því að glýkogen í frumum brotnar niður í mjólkursýru í stað þess að brotna niður í koltvísýring og vatn (Valdimar Ingi Gunnarsson, 2002). Þegar nánast allt glýkógen er búið í vöðvum herpast þeir saman í dauðastirðnun (rigor mortis).

Sýrustig hefur verið tengt margvíslegum eiginleikum þorsks og má t.d. nefna að Love (1975) taldi að ef sýrustig væri of lágt hefði það í för með sér seiga áferð þorsks. Hann taldi einnig að sýrustig lækkaði eftir því sem þorskurinn stækkaði. Þessi lækkun héldi áfram að takmarkandi gildi (6,2) svo framarlega sem um næga fæðu væri að ræða og þessi eiginleiki væri mögulega hluti af ástæðunni fyrir því að stór þorskur geymdist betur en minni þorskur. Sólveig Ingólfssdóttir o.fl. (1998) komust að sambærilegri niðurstöðu varðandi að stærð þorsks væri í öfugu hlutfalli við sýrustig hans, en staðfestu hinsvegar ekki takmarkandi gildið.


2.2.7 Vatnsinnihald

Vatnsinnihald þorsks liggur gjarnan á bilinu 77-83% (Kristberg Kristbergsson, 2000) og sveiflast með árstíma eins og kom fram í kafla 2.1.1. Þar sem svo stór hluti þorsks er vatn má ætla að nokkur áhrif hafi á eiginleika hans hvernig vatnsinnihaldið breytist.

Ef litið er til efnainnihalds þorsks er það prótín auk vatns sem er mest áberandi, en samanlagt standa vatn og prótín fyrir meira en 95% af efnainnihaldi þorsksins. Vatnsinnihald þorsks er talið vera mest snemma á vorin en á sama tíma er prótínnihaldið lægst. Mögulega er það uppbygging hrogna sem orsakar lágt

próteininnihald á vorin. Þegar gengið er á prótínið í þorskinum hækkar vatnsinnihaldið svo að sama skapi. Hrygning þorsks hefst gjarnan síðari hluta mars, nær hámarki í annarri viku apríl og er lokið í byrjun maí (Sigfús A. Schopka, 2003). Þegar liða fer á hrygningartímann lækkar vatnsinnihald aftur og hefur meira jafnvægi náðst á það þegar kemur fram á sumar. Að líkindum er los sem gjarnan verður í þorski að vorlagi tengt þessum breytingum. Um og eftir hrygningu verður oft vart við mikið los í þorski, en þá er fiskurinn laus við hrognin, æti í sjónum að aukast og þorskurinn alþúinn að bæta sér upp þann holdmissi sem hann varð fyrir er hann var í minna æti.

Nokkur munur virðist vera á sveiflum í vatnsinnihaldi eftir því hve gamall þorskurinn er. Vatnsinnihald eldri og stærri þorsks sveiflast mun meira og er því engu líkara en að þorskurinn leggi meira í hrognaframleiðsluna eftir því sem hann eldist. Í samræmi við það gefur stærri þorskur af sér mun fleiri hrogn en minni þorskur (Brynjólfur Eyjólfsson o.fl., 2001).



Mynd 2.6 – Árstíðabundnar breytingar í vatnsinnihaldi þorsks (Love, 1988)


Samkvæmt Love (1975) hefur vatnsinnihald þorsks ekki mikil áhrif á áferð hans. Þá bendir rannsókn Gríms Valdimarssonar (1982) til að geymsla í vatnskrapa hafi í för með sér betri nýtingu en geymsla í ís, án þess að það hafi áhrif á vatnsinnihald.

2.2.8 Vatnsheldni

Vatnsheldni fiskvöðva er í grundvallaratriðum sá eiginleiki vöðvans að halda vel því vatni sem hann hefur að geyma. Algengt er að mæla vatnsheldni sem það hlutfall vatns sem fiskurinn hefur enn að geyma eftir ákveðna meðferð í skilvindu. Það var og gert í þessari rannsókn. Einnig hefur verið reynt að nota NMR (Nuclear Magnetic

próteininnihald á vorin. Þegar gengið er á prótínið í þorskinum hækkar vatnsinnihaldið svo að sama skapi. Hrygning þorsks hefst gjarnan síðari hluta mars, nær hámarki í annarri viku apríl og er lokið í byrjun maí (Sigfús A. Schopka, 2003). Þegar liða fer á hrygningartímann lækkar vatnsinnihald aftur og hefur meira jafnvægi náðst á það þegar kemur fram á sumar. Að líkindum er los sem gjarnan verður í þorski að vorlagi tengt þessum breytingum. Um og eftir hrygningu verður oft vart við mikið los í þorski, en þá er fiskurinn laus við hrognin, æti í sjónum að aukast og þorskurinn alþúinn að bæta sér upp þann holdmissi sem hann varð fyrir er hann var í minna æti.

Nokkur munur virðist vera á sveiflum í vatnsinnihaldi eftir því hve gamall þorskurinn er. Vatnsinnihald eldri og stærri þorsks sveiflast mun meira og er því engu líkara en að þorskurinn leggi meira í hrognaframleiðsluna eftir því sem hann eldist. Í samræmi við það gefur stærri þorskur af sér mun fleiri hrogn en minni þorskur (Brynjólfur Eyjólfsson o.fl., 2001).



Mynd 2.6 – Árstíðabundnar breytingar í vatnsinnihaldi þorsks (Love, 1988)

Samkvæmt Love (1975) hefur vatnsinnihald þorsks ekki mikil áhrif á áferð hans. Þá bendir rannsókn Gríms Valdimarssonar (1982) til að geymsla í vatnskrapa hafi í för með sér betri nýtingu en geymsla í ís, án þess að það hafi áhrif á vatnsinnihald.

2.2.8 Vatnsheldni

Vatnsheldni fiskvöðva er í grundvallaratriðum sá eiginleiki vöðvans að halda vel því vatni sem hann hefur að geyma. Algengt er að mæla vatnsheldni sem það hlutfall vatns sem fiskurinn hefur enn að geyma eftir ákveðna meðferð í skilvindu. Það var og gert í þessari rannsókn. Einnig hefur verið reynt að nota NMR (Nuclear Magnetic


Reasonance) til að mæla vatnsheldni og hefur það gefið nokkuð góða raun (Jepsen o.fl., 1999).

Vatnsheldni skiptir miklu máli þegar kemur að því að búa til ýmsa rétti úr þorski eins og t.d. paté eða aðrar unnar vörur. Vatnsheldni ferskra vara skiptir að sjálfsögðu einnig miklu máli. Þeim mun betur sem ferskvörur halda vatni því ferskari líta þær almennt út auk þess sem vatn sem tapast úr vörunni er yfirleitt ekki selt dýru verði, á meðan vatn sem enn er í vörunni er verðmætt. Borið saman við ýmsar kjötvörur (t.d. lamba- og svínakjöt) er vatnsheldni þorskvöðva tiltölulega há (Kirk, R.S., Sawyer, 1991)

2.3 Tölfræði

Við skipulagningu þessarar rannsóknar var gengið út frá því að notuð yrði aðhvarfsgreining. Þar sem um var að ræða margar óháðar breytur hafði margvið aðhvarfsgreining augljósa kosti umfram einvíða aðhvarfsgreiningu. Við skipulagningu og úrvinnslu var stuðst mikið við Hair o.fl. (1998), Johnson og Wichern (2002) og námsefni úr námskeiðinu Iðnaðartölfræði 2 (Véla –og iðnaðarverkfræðiskor HÍ).

Margvið línuleg aðhvarfsgreining (MLA) snýst um að ná fram upplýsingum úr flóknum gögnum með mörgum mismunandi breytum. Rannsókn, þar sem margvið línuleg aðhvarfsgreining er notuð felur í sér allnokkur skref sem verður líklega best lýst með kassariti (mynd 2.7). Í undirköflum þessa kafla verður hverjum hluta kassaritsins lýst betur.



Mynd 2.7 Stig við margviða línulega aðhvarfsgreiningu (Hair o.fl., 1998)


Reasonance) til að mæla vatnsheldni og hefur það gefið nokkuð góða raun (Jepsen o.fl., 1999).

Vatnsheldni skiptir miklu máli þegar kemur að því að búa til ýmsa rétti úr þorski eins og t.d. paté eða aðrar unnar vörur. Vatnsheldni ferskra vara skiptir að sjálfsögðu einnig miklu máli. Þeim mun betur sem ferskvörur halda vatni því ferskari líta þær almennt út auk þess sem vatn sem tapast úr vörunni er yfirleitt ekki selt dýru verði, á meðan vatn sem enn er í vörunni er verðmætt. Borið saman við ýmsar kjötvörur (t.d. lamba- og svínakjöt) er vatnsheldni þorskvöðva tiltölulega há (Kirk, R.S., Sawyer, 1991)

2.3 Tölfræði

Við skipulagningu þessarar rannsóknar var gengið út frá því að notuð yrði aðhvarfsgreining. Þar sem um var að ræða margar óháðar breytur hafði margvið aðhvarfsgreining augljósa kosti umfram einvíða aðhvarfsgreiningu. Við skipulagningu og úrvinnslu var stuðst mikið við Hair o.fl. (1998), Johnson og Wichern (2002) og námsefni úr námskeiðinu Iðnaðartölfræði 2 (Véla –og iðnaðarverkfræðiskor HÍ).

Margvið línuleg aðhvarfsgreining (MLA) snýst um að ná fram upplýsingum úr flóknum gögnum með mörgum mismunandi breytum. Rannsókn, þar sem margvið línuleg aðhvarfsgreining er notuð felur í sér allnokkur skref sem verður líklega best lýst með kassariti (mynd 2.7). Í undirköflum þessa kafla verður hverjum hluta kassaritsins lýst betur.



Mynd 2.7 Stig við margviða línulega aðhvarfsgreiningu (Hair o.fl., 1998)

2.3.1 Tilgangur rannsóknar

Tilgangur rannsóknarinnar var í raun margþættur eins og áður hefur komið fram. Ætlunin var að finna út hvað af orsakabreytunum hefðu áhrif á áhrifabreyturnar. Sérstaklega var horft til þess hvort finna mætti einfalda breytu, líkt og þyngd, lengd eða holdastuðul til að spá mætti fyrir um eiginleika þorskins (áhrifabreyturnar). Þá var stefnt að því að kanna hegðun orsakabreytanna ásamt því að byggja upp gagnagrunn til að frekari vinna mætti fara fram, t.d. í þá átt að meta áhrif orsakabreyta á afkomu sjávarútvegsins.

2.3.2 Hönnun rannsóknar

Mjög mikilvægt er að rannsókn sem þessi sé skipulögð þannig frá byrjun að nægur fjöldi sýna sé tekinn til að tryggja að niðurstöður verði tölfræðilega marktækar. Ekki er síður mikilvægt að huga að því að hægt sé að álykta almennt út frá niðurstöðunum og alhæfa. Það gefur t.a.m. augaleið að ef kanna skal áhrif árstíma er betra að dreifa sýnatökunum á allt árið í stað einungis einnar sýnatöku á ári.

Annað atriði sem nánast undantekningalaust þarf að hafa í huga við hönnun rannsókna er kostnaður. Kostnaður eykst þegar sýnatökum fjölga og þarf því oft að finna jafnvægi á milli magns upplýsinga sem aflað er og þess fjármagns sem í það fer. Við skipulagningu þessarar rannsóknar var stuðst við Schaeffer (1986), auk þess sem ráð voru sótt til leiðbeinenda.

2.3.3 Söfnun gagna og gagnaathuganir

Söfnun gagna skal unnin þannig að áhrif annarra þátta en þeirra sem eru til athugunar séu í lágmarki. Ganga skal úr skugga um að mælar séu rétt stilltir, að þeir sem mælingarnar framkvæmi viti hvernig þær skuli gerðar o.s.frv. Þá skal tilviljun ráða hvaða sýni eru tekin til athugunar að svo miklu leyti sem mögulegt er og skynsamlegt getur talist. Mjög algengt er að þegar unnið er með gögn að einstök gildi vanti eða þau séu óeðlileg (Ólafur Pétur Pálsson, 2002b, Hair o.fl., 1998). Algengt er að mannleg mistök eigi þar hlut að máli. Nokkrar aðferðir koma helstar til greina þegar fást á við slík gögn:

- Nota einungis gallalaus gögn
- Taka nýja mælingu ef hægt er
- Eyða breytum/tilfellum með göllum
- Fylla upp í eyður eða óeðlileg gildi með eyðufyllingu (t.d. með meðaltali eða gildum sem fást með spálíkönunum)

Í þessari rannsókn varð síðasti kosturinn fyrir valinu enda með öllu ómögulegt að framkvæma nýjar mælingar þegar þorskurinn er kominn á borð neytenda fyrir margt löngu! Gallinn við þennan kost er að eyðufyllingin getur haft áhrif á niðurstöður. Það var kannað með því að gera tvennskonar líkön, annars vegar út frá gögnum sem fyllt

2.3.1 Tilgangur rannsóknar

Tilgangur rannsóknarinnar var í raun margþættur eins og áður hefur komið fram. Ætlunin var að finna út hvað af orsakabreytunum hefðu áhrif á áhrifabreyturnar. Sérstaklega var horft til þess hvort finna mætti einfalda breytu, líkt og þyngd, lengd eða holdastuðul til að spá mætti fyrir um eiginleika þorskins (áhrifabreyturnar). Þá var stefnt að því að kanna hegðun orsakabreytanna ásamt því að byggja upp gagnagrunn til að frekari vinna mætti fara fram, t.d. í þá átt að meta áhrif orsakabreyta á afkomu sjávarútvegsins.

2.3.2 Hönnun rannsóknar

Mjög mikilvægt er að rannsókn sem þessi sé skipulögð þannig frá byrjun að nægur fjöldi sýna sé tekinn til að tryggja að niðurstöður verði tölfræðilega marktækar. Ekki er síður mikilvægt að huga að því að hægt sé að álykta almennt út frá niðurstöðunum og alhæfa. Það gefur t.a.m. augaleið að ef kanna skal áhrif árstíma er betra að dreifa sýnatökunum á allt árið í stað einungis einnar sýnatöku á ári.

Annað atriði sem nánast undantekningalaust þarf að hafa í huga við hönnun rannsókna er kostnaður. Kostnaður eykst þegar sýnatökum fjölga og þarf því oft að finna jafnvægi á milli magns upplýsinga sem aflað er og þess fjármagns sem í það fer. Við skipulagningu þessarar rannsóknar var stuðst við Schaeffer (1986), auk þess sem ráð voru sótt til leiðbeinenda.

2.3.3 Söfnun gagna og gagnaathuganir

Söfnun gagna skal unnin þannig að áhrif annarra þátta en þeirra sem eru til athugunar séu í lágmarki. Ganga skal úr skugga um að mælar séu rétt stilltir, að þeir sem mælingarnar framkvæmi viti hvernig þær skuli gerðar o.s.frv. Þá skal tilviljun ráða hvaða sýni eru tekin til athugunar að svo miklu leyti sem mögulegt er og skynsamlegt getur talist. Mjög algengt er að þegar unnið er með gögn að einstök gildi vanti eða þau séu óeðlileg (Ólafur Pétur Pálsson, 2002b, Hair o.fl., 1998). Algengt er að mannleg mistök eigi þar hlut að máli. Nokkrar aðferðir koma helstar til greina þegar fást á við slík gögn:

- Nota einungis gallalaus gögn
- Taka nýja mælingu ef hægt er
- Eyða breytum/tilfellum með göllum
- Fylla upp í eyður eða óeðlileg gildi með eyðufyllingu (t.d. með meðaltali eða gildum sem fást með spálíkönunum)

Í þessari rannsókn varð síðasti kosturinn fyrir valinu enda með öllu ómögulegt að framkvæma nýjar mælingar þegar þorskurinn er kominn á borð neytenda fyrir margt löngu! Gallinn við þennan kost er að eyðufyllingin getur haft áhrif á niðurstöður. Það var kannað með því að gera tvennskonar líkön, annars vegar út frá gögnum sem fyllt

hafði verið upp í og hins vegar út frá gögnum þar sem tilvikum með eyðum og/eða óeðlilegum gögnum var eytt.

2.3.4 Nýjar breytur

Nauðsynlegt getur reynst að búa til nýjar breytur (aðrar en þær sem eru mældar) til að hægt sé að nota margvíða línulega aðhvarfsgreiningu, t.d. í eftirfarandi tilfellum:

- Breytur sem notaðar eru uppfylla ekki forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar líkt og lýst er í kafla 2.3.5.
- Um er að ræða breytur sem eru ekki eiginlegar mælingar (nonmetric). Í þeim tilfellum eru búnar til gervibreytur (dummy variables).
- Samband milli breyta er ekki línulegt. Þá getur verið nauðsynlegt að setja breytur í hærri veldi, taka kvaðratrót eða álíka.
- Grunur leikur á að samverkan (interaction) sé á milli breyta. Búin er til sérstök breyta fyrir samverkanina og kannað hvort hún er marktæk líkt og aðrar breytur.

2.3.5 Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar

Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar eru helstar:

- Úttaksbreytur (í þessu tilfelli svonefndar áhrifabreytur) skulu vera normaldreifðar. Hafa ber þó í huga að ekki er nauðsynlegt að áhrifabreyturnar séu normaldreifðar til að hægt sé að smíða líkan, en öryggismörk á stikum ásamt öryggismörkum á spágildum líkansins byggjast á því að um normaldrefingu sé að ræða.
- Stíkar líkans skulu vera línulegir
- Dreifni úttaksbreytanna skal vera fasti. Dreifnin vill gjarnan aukast eftir því sem gildin á úttaksbreytunum hækka og er þá nauðsynlegt að nota varpanir (búin til ný breyta) til að þessari forsendu sé fullnægt.
- Eftir að líkan hefur verið búið til skulu restliðir þess líkans vera óháðir innbyrðis, óháðir spágildum líkansins og jafnframt óháðir inntaksbreytunum.

2.3.6 Val á breytum og mat á stikum

Begar kemur að því að velja breytur í líkan eru í grundvallaratriðum tvær leiðir notaðar. Annars vegar getur sá sem rannsóknina framkvæmir valið ákveðnar breytur sem hann telur að skipti máli (t.d. út frá fyrri vitneskju um samband breytanna) og út frá því vali framkvæmt mat á stikum líkansins. Kostirnir við þetta eru að fjöldi breyta sem notaður er í líkan er takmarkaður en ókosturinn er sá að breytur sem gætu raunverulega skipt máli eru útilokaðar.

Hins vegar eru til nokkrar gerðir tölulegra valaðferða. Þessar valaðferðir sjá um að velja þær breytur sem eru notaðar í líkaninu og getur valið t.d. verið framkvæmt með það í huga að lágmarka spáskekkju líkansins. Þessar aðferðir tryggja alla jafna ekki að “bestu” breytturnar séu valdar í líkanið frá hagnýtu sjónarmiði en minnka hinsvegar spáskekkjuna.

hafði verið upp í og hins vegar út frá gögnum þar sem tilvikum með eyðum og/eða óeðlilegum gögnum var eytt.

2.3.4 Nýjar breytur

Nauðsynlegt getur reynst að búa til nýjar breytur (aðrar en þær sem eru mældar) til að hægt sé að nota margvíða línulega aðhvarfsgreiningu, t.d. í eftirfarandi tilfellum:

- Breytur sem notaðar eru uppfylla ekki forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar líkt og lýst er í kafla 2.3.5.
- Um er að ræða breytur sem eru ekki eiginlegar mælingar (nonmetric). Í þeim tilfellum eru búnar til gervibreytur (dummy variables).
- Samband milli breyta er ekki línulegt. Þá getur verið nauðsynlegt að setja breytur í hærri veldi, taka kvaðratrót eða álíka.
- Grunur leikur á að samverkan (interaction) sé á milli breyta. Búin er til sérstök breyta fyrir samverkanina og kannað hvort hún er marktæk líkt og aðrar breytur.

2.3.5 Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar

Forsendur margvíðrar línulegrar aðhvarfsgreiningar eru helstar:

- Úttaksbreytur (í þessu tilfelli svonefndar áhrifabreytur) skulu vera normaldreifðar. Hafa ber þó í huga að ekki er nauðsynlegt að áhrifabreyturnar séu normaldreifðar til að hægt sé að smíða líkan, en öryggismörk á stikum ásamt öryggismörkum á spágildum líkansins byggjast á því að um normaldrefingu sé að ræða.
- Stíkar líkans skulu vera línulegir
- Dreifni úttaksbreytanna skal vera fasti. Dreifnin vill gjarnan aukast eftir því sem gildin á úttaksbreytunum hækka og er þá nauðsynlegt að nota varpanir (búin til ný breyta) til að þessari forsendu sé fullnægt.
- Eftir að líkan hefur verið búið til skulu restliðir þess líkans vera óháðir innbyrðis, óháðir spágildum líkansins og jafnframt óháðir inntaksbreytunum.

2.3.6 Val á breytum og mat á stikum

Begar kemur að því að velja breytur í líkan eru í grundvallaratriðum tvær leiðir notaðar. Annars vegar getur sá sem rannsóknina framkvæmir valið ákveðnar breytur sem hann telur að skipti máli (t.d. út frá fyrri vitneskju um samband breytanna) og út frá því vali framkvæmt mat á stikum líkansins. Kostirnir við þetta eru að fjöldi breyta sem notaður er í líkan er takmarkaður en ókosturinn er sá að breytur sem gætu raunverulega skipt máli eru útilokaðar.

Hins vegar eru til nokkrar gerðir tölulegra valaðferða. Þessar valaðferðir sjá um að velja þær breytur sem eru notaðar í líkaninu og getur valið t.d. verið framkvæmt með það í huga að lágmarka spáskekkju líkansins. Þessar aðferðir tryggja alla jafna ekki að “bestu” breytturnar séu valdar í líkanið frá hagnýtu sjónarmiði en minnka hinsvegar spáskekkjuna.

Í þessari rannsókn voru í raun báðar leiðir farnar. Prófað var að gera aðhvarfsgreiningu á nánast öllum breytunum og einnig að nota tölulegar aðferðir til að velja breytur.

2.3.7 Mat á marktækni stika

Þegar stikar líkans liggja fyrir þarf að kanna hvort þeir séu tölfræðilega marktækir. Einföld leið til þess er að reikna staðalskekkju stikamatsins og sjá hvort stikarnir séu frábrugðnir núlli (með ákveðnum öryggismörkum). Séu stikarnir ekki marktækir getur verið eðlilegt að gera nýja aðhvarfsgreiningu án þess að þær breytur sem höfðu ómarktæka stika séu hafðar með. Einnig skiptir máli hve mikið af breytileika gagnanna hefur verið útskýrt, þ.e. hve vel líkanið lýsir gögnunum. Til að kanna það má t.d. nota útskýringarstuðul (R^2) eða leiðréttan útskýringarstuðull, R^2_{adj} (Montgomery og Runger, 1999).

$$R^2 = \frac{SS_R}{SS_T} = 1 - \frac{\sum_{i=1}^n e_i^2}{\sum_{i=1}^n y_i^2 - \frac{\left(\sum_{i=1}^n y_i\right)^2}{n}} \quad (2-4)$$

$$R^2_{adj} = 1 - \frac{n-1}{n-p} (1 - R^2), \quad (2-5)$$

þar sem e_i = restliður mælingar nr. i. n er fjöldi mælinga og p er fjöldi stika í líkani.

Tölfræðileg marktækni er hinsvegar ekki allt. Út frá hagnýtu sjónarmiði getur verið þýðingarlaust að hafa stika inni í líkani, þrátt fyrir að stikinn hafi reynst marktækur. Það er því mikilvægt að hafa bæði tölfræðilega og hagnýta marktækni í huga þegar lagt er mat á stika líkans.

2.3.8 Greining á áhrifamælingum

Þrátt fyrir að útlagagreining hafi farið fram og gögnin eigi að vera eðlileg getur sú staða komið upp að ákveðnar mælingar séu ráðandi þegar kemur að mati á stikum. Til að kanna hvort svo sé má reikna svokallaða Cooks-fjarlægð og út frá henni meta hvort einstakar mælingar hafi óeðlilega mikil áhrif á matið á stikunum. Sé svo er mælingunum eytt og ný aðhvarfsgreining framkvæmd.

2.3.9 Túlkun og staðfesting

Eftir að stikar hafa verið metnir er eðlilegt að athuga hvað þeir þýða í raun. Mat á því hvernig áhrifabreytan kemur til með að breytast ef orsakabreytur t.d. hækka um eitt staðalfrávik getur gefið mikilvægar upplýsingar. Einnig er mikilvægt að átta sig á því

Í þessari rannsókn voru í raun báðar leiðir farnar. Prófað var að gera aðhvarfsgreiningu á nánast öllum breytunum og einnig að nota tölulegar aðferðir til að velja breytur.

2.3.7 Mat á marktækni stika

Þegar stikar líkans liggja fyrir þarf að kanna hvort þeir séu tölfræðilega marktækir. Einföld leið til þess er að reikna staðalskekkju stikamatsins og sjá hvort stikarnir séu frábrugðnir núlli (með ákveðnum öryggismörkum). Séu stikarnir ekki marktækir getur verið eðlilegt að gera nýja aðhvarfsgreiningu án þess að þær breytur sem höfðu ómarktæka stika séu hafðar með. Einnig skiptir máli hve mikið af breytileika gagnanna hefur verið útskýrt, þ.e. hve vel líkanið lýsir gögnunum. Til að kanna það má t.d. nota útskýringarstuðul (R^2) eða leiðréttan útskýringarstuðull, R^2_{adj} (Montgomery og Runger, 1999).

$$R^2 = \frac{SS_R}{SS_T} = 1 - \frac{\sum_{i=1}^n e_i^2}{\sum_{i=1}^n y_i^2 - \frac{\left(\sum_{i=1}^n y_i\right)^2}{n}} \quad (2-4)$$

$$R^2_{adj} = 1 - \frac{n-1}{n-p} (1 - R^2), \quad (2-5)$$

þar sem e_i = restliður mælingar nr. i. n er fjöldi mælinga og p er fjöldi stika í líkani.

Tölfræðileg marktækni er hinsvegar ekki allt. Út frá hagnýtu sjónarmiði getur verið þýðingarlaust að hafa stika inni í líkani, þrátt fyrir að stikinn hafi reynst marktækur. Það er því mikilvægt að hafa bæði tölfræðilega og hagnýta marktækni í huga þegar lagt er mat á stika líkans.

2.3.8 Greining á áhrifamælingum

Þrátt fyrir að útlagagreining hafi farið fram og gögnin eigi að vera eðlileg getur sú staða komið upp að ákveðnar mælingar séu ráðandi þegar kemur að mati á stikum. Til að kanna hvort svo sé má reikna svokallaða Cooks-fjarlægð og út frá henni meta hvort einstakar mælingar hafi óeðlilega mikil áhrif á matið á stikunum. Sé svo er mælingunum eytt og ný aðhvarfsgreining framkvæmd.

2.3.9 Túlkun og staðfesting

Eftir að stikar hafa verið metnir er eðlilegt að athuga hvað þeir þýða í raun. Mat á því hvernig áhrifabreytan kemur til með að breytast ef orsakabreytur t.d. hækka um eitt staðalfrávik getur gefið mikilvægar upplýsingar. Einnig er mikilvægt að átta sig á því

hvaða áhrif mismunandi orsakabreytur hafa á áhrifabreyturnar. Er t.d. hægt að ná fram mun betri nýtingu með því að stytta aldur hráefnis lítillega? Hversu mikið minna þarf að vera í hverju kari til að los minnki um 2%?

Að lokum er athugað hversu vel líkanið reynist. Það má t.d. gera með því að skipta gögnunum í tvennt og gera líkan út frá öðrum hluta gagnanna. Það líkan sem fæst er svo notað til að spá fyrir um þær mælingar sem ekki voru notaðar til að búa til líkanið. Hversu vel tekst til við þetta getur gefið til kynna hve gott líkanið reynist til að spá fyrir um framtíðarmælingar.

hvaða áhrif mismunandi orsakabreytur hafa á áhrifabreyturnar. Er t.d. hægt að ná fram mun betri nýtingu með því að stytta aldur hráefnis lítillega? Hversu mikið minna þarf að vera í hverju kari til að los minnki um 2%?

Að lokum er athugað hversu vel líkanið reynist. Það má t.d. gera með því að skipta gögnunum í tvennt og gera líkan út frá öðrum hluta gagnanna. Það líkan sem fæst er svo notað til að spá fyrir um þær mælingar sem ekki voru notaðar til að búa til líkanið. Hversu vel tekst til við þetta getur gefið til kynna hve gott líkanið reynist til að spá fyrir um framtíðarmælingar.

3 Framkvæmd

Segja má að framkvæmd þessa verkefnis hafi í grundvallaratriðum skipst í tvennt eins og komið hefur verið inn á. Annars vegar var um að ræða eðlis- og efnamælingar sem gerðar voru sérstaklega fyrir verkefnið og hins vegar var unnið úr mælingum sem gerðar voru í gæðaeftirliti frystihúss Samherja hf. á Dalvík. Hér á eftir verður gert grein fyrir því hvernig skipulag og framgangur verkefnisins var, ásamt nánari lýsingum á mælingum.

3.1 Undirbúningur

Fyrsti hluti verkefnisins var einfaldlega að greina skipulag gæðaeftirlitsins á Dalvík og þau gögn sem fyrir lágu um sambærilegar rannsóknir sem áður höfðu verið unnar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og víðar. Til að byrja með var hugmyndin að hafa nokkurs konar bestunarhluta í verkefninu, þannig að niðurstöður verkefnisins yrðu teknar og búið til bestunarlíkan út frá þeim. Eftir nokkurn tíma var horfið frá því, þar sem ljóst þótti að slíkt yrði of viðamikið fyrir meistaraverkefni sem þetta.

3.1.1 Skipulag gæðaeftirlits Samherja

Begar verkefnið hófst á haustdögum 2001 voru til mælingar úr gæðaeftirlitinu frá febrúar sama ár og fram á haust. Það skipulag sem komið hafði verið upp var notað áfram, en það innihélt mælingar á orsakabreytunum árstími, holnúmer, stærð hols, aldur hráefnis, þyngd, þyngd flaka og veiðisvæði. Þessar mælingar voru svo tengdar við kör og þar með við orsakabreytuna þyngd í kari. Þær áhrifabreytur sem voru mældar voru fjöldi orma-, blóð-, holdroða- og losbletta. Út frá þessum mælingum voru svo reiknaðar stærðir á borð við nýtingu, ormar/kg o.s.frv. Mælingarnar voru alltaf gerðar með sömu tækjunum (vogir, flökunarvélar o.fl.) og af sömu starfsmönnunum ef þess var nokkur kostur. Lögð var rík áhersla á að hafa mælingarnar handahófskenndar (að því undanskildu að reynt var að mæla fisk af öllum stærðum og misgamlan) en þar sem um var að ræða fisk úr körum sem voru á leið inn í flökun og snyrtingu kom að sjálfsögðu ekki til greina að draga um það hvaða fiskur yrði mældur. Þannig er mögulegt að segja að mælingarnar geti verið skekktar (biased) en í því umhverfi sem verkefninu var búið, var erfitt að útiloka slíka skekkju með öllu.

Í nóvember 2001 var lögð inn til Rannís umsókn um fé til frekari mælinga á þeim þorskum sem mældir voru í gæðaeftirlitinu. Þá hafði verið mótuð stefna um að fjölga þeim breytum sem voru mældar, enda væru þá meiri líkur á að breytileiki í mælingum yrði útskýrður, auk þess sem sú vinna sem fer ætíð í sýnatökur yrði þá betur nýtt en ella m.t.t. þeirra upplýsinga sem kæmu úr sýnatökunum. Eftir heimsókn til Dalvíkur í mars 2002, þar sem farið var ítarlega yfir sýnatökurnar og skipulag frystihússins var bætt við mælingum á orsakabreytunum haushlutfall, lengd, veiðitími, fjöldi fiska í kari og þyngd í kari. Þessar breytur hafa verið mældar í gæðaeftirlitinu síðan þá.

3 Framkvæmd

Segja má að framkvæmd þessa verkefnis hafi í grundvallaratriðum skipst í tvennt eins og komið hefur verið inn á. Annars vegar var um að ræða eðlis- og efnamælingar sem gerðar voru sérstaklega fyrir verkefnið og hins vegar var unnið úr mælingum sem gerðar voru í gæðaeftirliti frystihúss Samherja hf. á Dalvík. Hér á eftir verður gert grein fyrir því hvernig skipulag og framgangur verkefnisins var, ásamt nánari lýsingum á mælingum.

3.1 Undirbúningur

Fyrsti hluti verkefnisins var einfaldlega að greina skipulag gæðaeftirlitsins á Dalvík og þau gögn sem fyrir lágu um sambærilegar rannsóknir sem áður höfðu verið unnar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og víðar. Til að byrja með var hugmyndin að hafa nokkurs konar bestunarhluta í verkefninu, þannig að niðurstöður verkefnisins yrðu teknar og búið til bestunarlíkan út frá þeim. Eftir nokkurn tíma var horfið frá því, þar sem ljóst þótti að slíkt yrði of viðamikið fyrir meistaraverkefni sem þetta.

3.1.1 Skipulag gæðaeftirlits Samherja

Begar verkefnið hófst á haustdögum 2001 voru til mælingar úr gæðaeftirlitinu frá febrúar sama ár og fram á haust. Það skipulag sem komið hafði verið upp var notað áfram, en það innihélt mælingar á orsakabreytunum árstími, holnúmer, stærð hols, aldur hráefnis, þyngd, þyngd flaka og veiðisvæði. Þessar mælingar voru svo tengdar við kör og þar með við orsakabreytuna þyngd í kari. Þær áhrifabreytur sem voru mældar voru fjöldi orma-, blóð-, holdroða- og losbletta. Út frá þessum mælingum voru svo reiknaðar stærðir á borð við nýtingu, ormar/kg o.s.frv. Mælingarnar voru alltaf gerðar með sömu tækjunum (vogir, flökunarvélar o.fl.) og af sömu starfsmönnunum ef þess var nokkur kostur. Lögð var rík áhersla á að hafa mælingarnar handahófskenndar (að því undanskildu að reynt var að mæla fisk af öllum stærðum og misgamlan) en þar sem um var að ræða fisk úr körum sem voru á leið inn í flökun og snyrtingu kom að sjálfsögðu ekki til greina að draga um það hvaða fiskur yrði mældur. Þannig er mögulegt að segja að mælingarnar geti verið skekktar (biased) en í því umhverfi sem verkefninu var búið, var erfitt að útiloka slíka skekkju með öllu.

Í nóvember 2001 var lögð inn til Rannís umsókn um fé til frekari mælinga á þeim þorskum sem mældir voru í gæðaeftirlitinu. Þá hafði verið mótuð stefna um að fjölga þeim breytum sem voru mældar, enda væru þá meiri líkur á að breytileiki í mælingum yrði útskýrður, auk þess sem sú vinna sem fer ætíð í sýnatökur yrði þá betur nýtt en ella m.t.t. þeirra upplýsinga sem kæmu úr sýnatökunum. Eftir heimsókn til Dalvíkur í mars 2002, þar sem farið var ítarlega yfir sýnatökurnar og skipulag frystihússins var bætt við mælingum á orsakabreytunum haushlutfall, lengd, veiðitími, fjöldi fiska í kari og þyngd í kari. Þessar breytur hafa verið mældar í gæðaeftirlitinu síðan þá.

3.1.2 Rannsóknaráætlun

Ekki var nauðsynlegt að gera sérstaka rannsóknaráætlun fyrir mælingar í gæðaeftirlitinu á Dalvík. Þær mælingar voru gerðar á fiski úr hverri veiðiferð og snerist megin vinna við þann hluta verkefnisins um úrvinnslu mælinganna.

Öðru máli gegndi um þann fisk sem átti að fara í eðlis- og efnamælingar en þær mælingar eru nokkuð dýrar. Þar sem ekki fékkst styrkur úr Rannís vegna mælinga á eðlis- og efnamælingum var ákveðið að minnka umfang þeirra mælinga frá því sem fyrst hafði verið stefnt að. Gerð var rannsóknaráætlun sem miðaði að því að ná fiski annars vegar úti fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi (svæði 2) og hins vegar við Austur- og Suðausturland (svæði 1) á kvótaárinu 2002-2003. Ástæða þess að í áætluninni var einungis um að ræða 2 svæði var að mælingar frá 2001-2002 í gæðaeftirlitinu virtust sýna að óraunhæft var að skipta veiðisvæðunum í fleiri flokka ef átti að fá nægan fjölda mælinga í hverju þeirra til að geta greint á milli þeirra með góðri tölfræðilegri nákvæmni en einungis voru fjármunir til takmarkaðs fjölda mælinga. Miðað var við að taka til mælinga fisk sem var misgamall ef mögulegt var. Í rannsóknaráætluninni var gert ráð fyrir fyrstu úrvinnslu eðlis- og efnamælinga í mars 2003, en þá skyldi ákveða hvort ástæða væri til frekari mælinga á eðlis- og efnaeiginleikum. Eftirfarandi eðlis- og efnaeiginleikar (áhrifabreytur) voru mældir:

- Drip
- Sýrustig
- Vatnsheldni
- Vatnsinnihald

Með hliðsjón af rannsóknaráætluninni var önnur umsókn send til Rannís í nóvember 2002 og fékkst þá styrkur til verkefnisins.

3.1.3 Verðmæti afurða

Þær mælingar sem gerðar voru í verkefninu voru á breytum sem talið var að hefðu áhrif á verðmæti þorskafurða. Til að finna út hvernig breytur eins og los tengjast verðmæti afurðanna á sem nákvæmastan hátt hefði verið nauðsynlegt að geta mælt afurðirnar til fjár. Lengi vel var reynt að finna lausn sem gerði þetta mögulegt, en að lokum var horfið frá því að gera slíkar mælingar, þar sem ljóst þótti að um of mikla vinnu yrði að ræða. Ástæða þess er einfaldlega að vinnslu innan frystihússins á Dalvík er ekki skipt í lotur eftir körum sem koma inn í vinnsluna, enda myndi slíkt hægja verulega á vinnslunni. Þar með blandast fiskur af mörgum veiðisvæðum saman í vinnslunni, sem gerir mun erfiðara um vik að fylgja ákveðnum fiskum eftir og tengja verðmæti þeirra við uppruna og eiginleika. Með frekari rafrænni skráningu fiskikara má þó gera ráð fyrir að slíkar mælingar verði einfaldari, en vel má hugsa sér að meta verðmæti vinnslu ákveðinna daga eftir því hvaðan fiskurinn sem unninn var þann daginn kemur. Slíkt krefst hins vegar of mikillar handavinnu sé skráning ekki rafræn frá veiðum og allt þar til kaupandi hefur reitt fram greiðslu.

3.1.2 Rannsóknaráætlun

Ekki var nauðsynlegt að gera sérstaka rannsóknaráætlun fyrir mælingar í gæðaeftirlitinu á Dalvík. Þær mælingar voru gerðar á fiski úr hverri veiðiferð og snerist megin vinna við þann hluta verkefnisins um úrvinnslu mælinganna.

Öðru máli gegndi um þann fisk sem átti að fara í eðlis- og efnamælingar en þær mælingar eru nokkuð dýrar. Þar sem ekki fékkst styrkur úr Rannís vegna mælinga á eðlis- og efnamælingum var ákveðið að minnka umfang þeirra mælinga frá því sem fyrst hafði verið stefnt að. Gerð var rannsóknaráætlun sem miðaði að því að ná fiski annars vegar úti fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi (svæði 2) og hins vegar við Austur- og Suðausturland (svæði 1) á kvótaárinu 2002-2003. Ástæða þess að í áætluninni var einungis um að ræða 2 svæði var að mælingar frá 2001-2002 í gæðaeftirlitinu virtust sýna að óraunhæft var að skipta veiðisvæðunum í fleiri flokka ef átti að fá nægan fjölda mælinga í hverju þeirra til að geta greint á milli þeirra með góðri tölfræðilegri nákvæmni en einungis voru fjármunir til takmarkaðs fjölda mælinga. Miðað var við að taka til mælinga fisk sem var misgamall ef mögulegt var. Í rannsóknaráætluninni var gert ráð fyrir fyrstu úrvinnslu eðlis- og efnamælinga í mars 2003, en þá skyldi ákveða hvort ástæða væri til frekari mælinga á eðlis- og efnaeiginleikum. Eftirfarandi eðlis- og efnaeiginleikar (áhrifabreytur) voru mældir:

- Drip
- Sýrustig
- Vatnsheldni
- Vatnsinnihald


Með hliðsjón af rannsóknaráætluninni var önnur umsókn send til Rannís í nóvember 2002 og fékkst þá styrkur til verkefnisins.

3.1.3 Verðmæti afurða

Þær mælingar sem gerðar voru í verkefninu voru á breytum sem talið var að hefðu áhrif á verðmæti þorskafurða. Til að finna út hvernig breytur eins og los tengjast verðmæti afurðanna á sem nákvæmastan hátt hefði verið nauðsynlegt að geta mælt afurðirnar til fjár. Lengi vel var reynt að finna lausn sem gerði þetta mögulegt, en að lokum var horfið frá því að gera slíkar mælingar, þar sem ljóst þótti að um of mikla vinnu yrði að ræða. Ástæða þess er einfaldlega að vinnslu innan frystihússins á Dalvík er ekki skipt í lotur eftir körum sem koma inn í vinnsluna, enda myndi slíkt hægja verulega á vinnslunni. Þar með blandast fiskur af mörgum veiðisvæðum saman í vinnslunni, sem gerir mun erfiðara um vik að fylgja ákveðnum fiskum eftir og tengja verðmæti þeirra við uppruna og eiginleika. Með frekari rafrænni skráningu fiskikara má þó gera ráð fyrir að slíkar mælingar verði einfaldari, en vel má hugsa sér að meta verðmæti vinnslu ákveðinna daga eftir því hvaðan fiskurinn sem unninn var þann daginn kemur. Slíkt krefst hins vegar of mikillar handavinnu sé skráning ekki rafræn frá veiðum og allt þar til kaupandi hefur reitt fram greiðslu.

3.2 Mælingar

Stærstur hluti mælinga sem framkvæmdar voru í þessu verkefni var gerður af starfsfólki Samherja hf. Skráðar voru upplýsingar úr afladagbókum togaranna varðandi orsakabreytur eins og veiðisvæði og veiðitíma (toglengd). Teknar voru prufur úr veiðiferðum togaranna sem tengdar voru við þessar upplýsingar með karanúmerum. Mynd 3.1 er yfirlitsmynd fyrir sýnatökur og mælingar sem gerðar voru í frystihúsi Samherja á þeim fiskum sem fóru í eðlis- og efnamælingar:



Mynd 3.1 Ferli við sýnatökur og mælingar í frystihúsinu á Dalvík. (i) er 2-3 daga gamall fiskur, (ii) er 4-5 daga gamall fiskur og (iii) er 6-7 daga gamall fiskur. Um er að ræða mælingar sem framkvæmdar voru á fiskum sem gerðar voru eðlis- og efnamælingar á. Sama ferli var fylgt fyrir þá fiska sem mældir voru í gæðaeftirlitinu, nema hvað merkingum var sleppt og bæði flökin fóru í vinnslu eftir mælingar.

3.2.1 Afladagbækur


Mælingar sjómanna á aflanum og aðstæðum sem ríktu við veiðarnar voru fyrsta mælingin sem tengdist hverjum þorski. Orsakabreyturnar árstími, holnúmer, stærð hols, veiðisvæði og veiðitími voru skráðar í afladagbækur af skipstjóra svo sem almennt tíðkast.

3.2.2 Mælingar í gæðaeftirliti Samherja

Allar aðrar breytur en efna- og eðliseiginleikabreyturnar drip, sýrustig, vatnsheldni og vatnsinnihald voru mældar í gæðaeftirliti Samherja á Dalvík. Fiskurinn var valinn til mælinga eins og lýst var í kafla 3.1.1. Heill fiskur, hausar og flök voru vegnir með Marel vogum (B1224, B-1 PV5002A og B126 PV1740). Hausun fór fram í Baader 434, flökun í Baader 189 og roðfletting í Baader 51. Lengd var mæld með þar til gerðu áhaldi sem tryggir að fiskurinn er ávallt mældur á sambærilegan hátt. Allir sjáanlegir ormar voru taldir á ljósaborði. Mynd 3.2 sýnir hvernig rúðustrikað plastspjald var notað

3.2 Mælingar

Stærstur hluti mælinga sem framkvæmdar voru í þessu verkefni var gerður af starfsfólki Samherja hf. Skráðar voru upplýsingar úr afladagbókum togaranna varðandi orsakabreytur eins og veiðisvæði og veiðitíma (toglengd). Teknar voru prufur úr veiðiferðum togaranna sem tengdar voru við þessar upplýsingar með karanúmerum. Mynd 3.1 er yfirlitsmynd fyrir sýnatökur og mælingar sem gerðar voru í frystihúsi Samherja á þeim fiskum sem fóru í eðlis- og efnamælingar:



Mynd 3.1 Ferli við sýnatökur og mælingar í frystihúsinu á Dalvík. (i) er 2-3 daga gamall fiskur, (ii) er 4-5 daga gamall fiskur og (iii) er 6-7 daga gamall fiskur. Um er að ræða mælingar sem framkvæmdar voru á fiskum sem gerðar voru eðlis- og efnamælingar á. Sama ferli var fylgt fyrir þá fiska sem mældir voru í gæðaeftirlitinu, nema hvað merkingum var sleppt og bæði flökin fóru í vinnslu eftir mælingar.

3.2.1 Afladagbækur

Mælingar sjómanna á aflanum og aðstæðum sem ríktu við veiðarnar voru fyrsta mælingin sem tengdist hverjum þorski. Orsakabreyturnar árstími, holnúmer, stærð hols, veiðisvæði og veiðitími voru skráðar í afladagbækur af skipstjóra svo sem almennt tíðkast.

3.2.2 Mælingar í gæðaeftirliti Samherja

Allar aðrar breytur en efna- og eðliseiginleikabreyturnar drip, sýrustig, vatnsheldni og vatnsinnihald voru mældar í gæðaeftirliti Samherja á Dalvík. Fiskurinn var valinn til mælinga eins og lýst var í kafla 3.1.1. Heill fiskur, hausar og flök voru vegnir með Marel vogum (B1224, B-1 PV5002A og B126 PV1740). Hausun fór fram í Baader 434, flökun í Baader 189 og roðfletting í Baader 51. Lengd var mæld með þar til gerðu áhaldi sem tryggir að fiskurinn er ávallt mældur á sambærilegan hátt. Allir sjáanlegir ormar voru taldir á ljósaborði. Mynd 3.2 sýnir hvernig rúðustrikað plastspjald var notað

til að meta los, blóð og holdroða. Ef fiskurinn var ætlaður til eðlis- og efnamælinga var vinstra flakið fryst eftir þetta en væri ekki svo, fóru flökin til venjulegrar vinnslu.



Mynd 3.2 Rúðustrikað plastspjald sem notað var til að meta los, blóðbletti og holdroðabletti.

3.2.3 Frystigeymsla

Fiskurinn var geymdur í frysti á Dalvík uns safnast hafði upp nokkuð magn sýna. Þá var hann sendur með flutningabílum Landflutninga (í frystigám) í Ísheima, geymslumiðstöð Samskipa hf á frosnum vörum. Þangað var náð í hann og honum komið fyrir í frystigeymslu á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ávallt var reynt að hindra að hitastigið á fiskinum sveiflaðist og voru frostgeymslur sem voru notaðar allar kaldari en -24°C .

3.2.4 Mælingar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf)

Eðlis- og efnamælingar voru gerðar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf). Allar mælingar voru gerðar á tvísýnum, nema mælingar á sýrustigi. Þegar fyrstu mælingar fóru fram hafði safnast nokkuð af sýnum saman og var þá dregið um röð mælinga. Eftir það voru sýnin mæld eftir því sem þau bárust.

til að meta los, blóð og holdroða. Ef fiskurinn var ætlaður til eðlis- og efnamælinga var vinstra flakið fryst eftir þetta en væri ekki svo, fóru flökin til venjulegrar vinnslu.



Mynd 3.2 Rúðustrikað plastspjald sem notað var til að meta los, blóðbletti og holdroðabletti.


3.2.3 Frystigeymsla

Fiskurinn var geymdur í frysti á Dalvík uns safnast hafði upp nokkuð magn sýna. Þá var hann sendur með flutningabílum Landflutninga (í frystigám) í Ísheima, geymslumiðstöð Samskipa hf á frosnum vörum. Þangað var náð í hann og honum komið fyrir í frystigeymslu á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ávallt var reynt að hindra að hitastigið á fiskinum sveiflaðist og voru frostgeymslur sem voru notaðar allar kaldari en -24°C .

3.2.4 Mælingar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf)


Eðlis- og efnamælingar voru gerðar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf). Allar mælingar voru gerðar á tvísýnum, nema mælingar á sýrustigi. Þegar fyrstu mælingar fóru fram hafði safnast nokkuð af sýnum saman og var þá dregið um röð mælinga. Eftir það voru sýnin mæld eftir því sem þau bárust.

Fyrsta skrefið í eðlis- og efnamælingunum var að skipta þorskflökunum í þrennt; hnakkastykki, miðstykki og sporð. Einungis miðstykkið var mælt og var það gert m.a. til að geta geymt hnakkastykkið og sporðstykkið til frekari mælinga ef þurfa þætti, auk þess sem flestar mælingar sem höfðu verið gerðar á vatnsheldni á Rf höfðu verið gerðar á miðstykkjum og auðveldaði þetta því samanburð við fyrri mælingar. Flökin voru söguð með bandsög. Þar sem flökin voru nokkuð misstór voru miðstykkinn eðlilega einnig misstór en að jafnaði voru þau 7-12 cm að lengd.



Mynd 3.3 Þorskflak eftir sögun. Miðstykkið var tekið til mælinga en hnakkastykki og sporður geymd í frosti.


Miðstykkinn voru sett í plastpoka og vegin ásamt pokanum á SB16001 Delta Range vog (uppgefin óvissa 0,1g). Þau voru þídd í pokunum yfir nótt. Að morgni voru miðstykkinn tekin úr pokunum, lögð á grindur og látið leka af þeim. Flökin voru vegin á ný til að reikna mætti drip, áður en þau voru hökkuð og sett í lokaðar plastdollar.



Mynd 3.4 Til vinstri: plastdolla sem notuð var til að geyma sýnin eftir hökkun. Til hægri: Látið leka af miðstykkjum áður en þau voru vegin eftir uppþíðingu.


Vatnsheldnimælingin var næsta mæling. Mælingin var gerð á fiskhakkinu og voru mæld um 2g af fiskhakki í einu. Hakkið var vegið með Mettler AE 200 vog, sett í sérhönnuð skilvinduglös og síðan í Sorvall® RC-5B skilvindu í 5 mínútur. Eftir skilvinduna voru glösin vegin aftur á sömu vog.

Fyrsta skrefið í eðlis- og efnamælingunum var að skipta þorskflökunum í þrennt; hnakkastykki, miðstykki og sporð. Einungis miðstykkið var mælt og var það gert m.a. til að geta geymt hnakkastykkið og sporðstykkið til frekari mælinga ef þurfa þætti, auk þess sem flestar mælingar sem höfðu verið gerðar á vatnsheldni á Rf höfðu verið gerðar á miðstykkjum og auðveldaði þetta því samanburð við fyrri mælingar. Flökin voru söguð með bandsög. Þar sem flökin voru nokkuð misstór voru miðstykkinn eðlilega einnig misstór en að jafnaði voru þau 7-12 cm að lengd.



Mynd 3.3 Þorskflak eftir sögun. Miðstykkið var tekið til mælinga en hnakkastykki og sporður geymd í frosti.

Miðstykkinn voru sett í plastpoka og vegin ásamt pokanum á SB16001 Delta Range vog (uppgefin óvissa 0,1g). Þau voru þídd í pokunum yfir nótt. Að morgni voru miðstykkinn tekin úr pokunum, lögð á grindur og látið leka af þeim. Flökin voru vegin á ný til að reikna mætti drip, áður en þau voru hökkuð og sett í lokaðar plastdollar.



Mynd 3.4 Til vinstri: plastdolla sem notuð var til að geyma sýnin eftir hökkun. Til hægri: Látið leka af miðstykkjum áður en þau voru vegin eftir uppþíðingu.

Vatnsheldnimælingin var næsta mæling. Mælingin var gerð á fiskhakkinu og voru mæld um 2g af fiskhakki í einu. Hakkið var vegið með Mettler AE 200 vog, sett í sérhönnuð skilvinduglös og síðan í Sorvall® RC-5B skilvindu í 5 mínútur. Eftir skilvinduna voru glösin vegin aftur á sömu vog.

Sýrustigsmælingin var gerð á því hakki sem hafði orðið eftir. Notaður var Knick Portamess® sýrustigsmælir sem stungið var í fiskhakkið. Sýrustigsmælirinn var skolaður og þurrkaður eftir hverja mælingu til að koma í veg fyrir að sýnin hefðu áhrif hvert á annað.

Síðasta mælingin sem framkvæmd var á sýnunum var vatnsmæling. Þessi mæling var framkvæmd af efnadeild Rf, en mælingin hefur hlotið löggildingu (ISO 6496 (1999)). Afgangir hakksins var notað til mælinganna, sem framkvæmdar voru annaðhvort sama dag og vatnsheldni- og sýrustigsmælingin eða deginum eftir. Ef vatnsmælingin fór fram deginum eftir voru sýnin geymd í kæli yfir nótt í lokuðum plastdöllum.

3.2.5 Gagnaskráning

Eins og gefur að skilja var gagnaskráning og gagnameðhöndlun stór hluti af verkefninu. Starfsmenn Samherja hf höfðu safnað upplýsingum í Microsoft Excel skrár og var ákveðið að halda áfram á sömu braut. Til að auðveldara væri að vinna með mælingarnar þurfti fyrst að koma öllum mælingum saman í eitt skjal þar sem vikunúmer og skip fengu breytuígildi. Þau skjöl voru síðan flutt inn í Matlab og SPSS eftir því sem við átti en frekari úrvinnsla fór að mestu fram í þessum forritum. Forvinnsla gagna fór að stærstum hluta fram í Matlab. Með forvinnslu gagna er hér átt við flokkun mælinga, sameiningu breyta í færri breytur, útlagagreiningu, könnun á normaldreifingu gagnanna o.fl. Önnur vinnsla (líkangerð o.fl) var að mestu framkvæmd með Matlab en einnig var stuðst við SPSS.

3.2.6 Forvinnsla gagna

Til að byrja með var einfaldlega kannað hvort gögnin væru trúverðug. Ljóst var að fyrir eitthvað af sýnunum vantaði mælingar fyrir suma áhrifaþætti og þurfti því að ákveða hvaða ráðum skyldi beita til að bæta úr því. Stuðst var við bókina Multivariate data analysis (Hair o.fl., 1998) auk þess sem glósur úr námskeiðinu Iðnaðartölfræði 2 (Ólafur Pétur Pálsson, 2002b) við Háskóla Íslands voru mikið notaðar.

Fljótlega kom í ljós að blóð var mjög sjaldan mælt, þ.e. mjög sjaldan fékkst mæling á blóði. Þar sem blóð og holdroði eru af líkum meiði var ákveðið að steypa þessum tveimur breytum saman í eina.

3.2.7 Gildi sem vantaði í gagnafylkið

Fyrsta skrefið í greiningu gagnanna var að setja inn fyrir þau gildi sem vantaði í mælingarnar. Gengið var út frá því að þau gildi sem vantaði væru MCAR (Missing Completely At Random), en það þýðir að sérstakar undirliggjandi ástæður hafi ekki verið að baki því að gildi vantaði.

Sýrustigsmælingin var gerð á því hakki sem hafði orðið eftir. Notaður var Knick Portamess® sýrustigsmælir sem stungið var í fiskhakkið. Sýrustigsmælirinn var skolaður og þurrkaður eftir hverja mælingu til að koma í veg fyrir að sýnin hefðu áhrif hvert á annað.

Síðasta mælingin sem framkvæmd var á sýnunum var vatnsmæling. Þessi mæling var framkvæmd af efnadeild Rf, en mælingin hefur hlotið löggildingu (ISO 6496 (1999)). Afgangir hakksins var notað til mælinganna, sem framkvæmdar voru annaðhvort sama dag og vatnsheldni- og sýrustigsmælingin eða deginum eftir. Ef vatnsmælingin fór fram deginum eftir voru sýnin geymd í kæli yfir nótt í lokuðum plastdöllum.

3.2.5 Gagnaskráning

Eins og gefur að skilja var gagnaskráning og gagnameðhöndlun stór hluti af verkefninu. Starfsmenn Samherja hf höfðu safnað upplýsingum í Microsoft Excel skrár og var ákveðið að halda áfram á sömu braut. Til að auðveldara væri að vinna með mælingarnar þurfti fyrst að koma öllum mælingum saman í eitt skjal þar sem vikunúmer og skip fengu breytuígildi. Þau skjöl voru síðan flutt inn í Matlab og SPSS eftir því sem við átti en frekari úrvinnsla fór að mestu fram í þessum forritum. Forvinnsla gagna fór að stærstum hluta fram í Matlab. Með forvinnslu gagna er hér átt við flokkun mælinga, sameiningu breyta í færri breytur, útlagagreiningu, könnun á normaldreifingu gagnanna o.fl. Önnur vinnsla (líkangerð o.fl) var að mestu framkvæmd með Matlab en einnig var stuðst við SPSS.

3.2.6 Forvinnsla gagna

Til að byrja með var einfaldlega kannað hvort gögnin væru trúverðug. Ljóst var að fyrir eitthvað af sýnunum vantaði mælingar fyrir suma áhrifaþætti og þurfti því að ákveða hvaða ráðum skyldi beita til að bæta úr því. Stuðst var við bókina Multivariate data analysis (Hair o.fl., 1998) auk þess sem glósur úr námskeiðinu Iðnaðartölfræði 2 (Ólafur Pétur Pálsson, 2002b) við Háskóla Íslands voru mikið notaðar.

Fljótlega kom í ljós að blóð var mjög sjaldan mælt, þ.e. mjög sjaldan fékkst mæling á blóði. Þar sem blóð og holdroði eru af líkum meiði var ákveðið að steypa þessum tveimur breytum saman í eina.

3.2.7 Gildi sem vantaði í gagnafylkið

Fyrsta skrefið í greiningu gagnanna var að setja inn fyrir þau gildi sem vantaði í mælingarnar. Gengið var út frá því að þau gildi sem vantaði væru MCAR (Missing Completely At Random), en það þýðir að sérstakar undirliggjandi ástæður hafi ekki verið að baki því að gildi vantaði.

Þegar gildi vantar eru nokkrar leiðir færar. Einfaldasta leiðin er hreinlega að sleppa þeim sýnum sem gildi vantar í. Það er hinsvegar „dýr“ aðferð í þeim skilningi að upplýsingar fara þar forgörðum og hætta á að magn gagna verði ekki nægilegt til að greina á tölfræðilega marktækan hátt mun á milli sýna o.fl. Önnur leið er innsetning, þ.e. að setja inn gildi fyrir þau sem vantar. Þar eru 2 leiðir algengastar. Í fyrsta lagi má einfaldlega setja meðaltal annarra sýna inn fyrir það gildi sem vantar. Í öðru lagi er hægt að nota fylgni þeirrar breytu sem gildið vantar í við aðrar breytur (Hair o.fl., 1998). Ein leið til að gera þetta er að nota EM-reikniritið (EM- algorithm). EM-reikniritið (Expectation Maximization) er komið frá Dempster, Laird og Rubin (1977) og byggir á tveggja skrefa ítrun. Skrefin tvö eru (Arnaldur Gylfason o.fl., 1999):

Spáskref: Út frá gefnu mati á stikum og fyrirbyggjandi mælingum eru gögnin meðhöndluð þannig að auðveldara sé að reikna háliknamat (Maximum Likelihood Estimation). Þetta felur í raun í sér að fundið er væntigildi þeirra falla af mælingum sem vantar sem koma fyrir í log-sennileikafallinu (log-likelihood function).

Matskref: Fundið er háliknamat á stikum út frá log-sennileikafallinu eins og þær mælingar sem vantar séu til staðar.

Þessi 2 skref eru reiknuð uns mjög litlu munar á matskrefinu í tiltekinni ítrun og matskrefinu í næstu ítrun á undan (Johnson og Wichern, 2002).

Ákveðið var að nota EM-reikniritið en jafnframt að bera niðurstöður líkangerðar út frá gögnum sem fengjust út frá gögnum „holufylltum“ með EM-reikniriti við líkan sem fengist eingöngu út frá gögnum þar sem engar mælingar vantaði.

Nokkrar útgáfur af EM-reikniriti voru reyndar. Sú einfaldasta var að nota fylgni raðar sem vantaði gildi í (gallaðrar raðar) við allar aðrar raðir. Sú aðferð hefur hinsvegar þann ókost að raðir sem eru alls óskyldar gölluðu röðinni geta haft lítilsháttar fylgni við hana og því haft áhrif á hvaða gildi koma inn í stað þeirra sem vantar. Önnur aðferð er að nota eingöngu þá röð sem hefur mesta fylgni við gölluðu röðina. Þá er tryggt að óskyldar raðir hafi ekki áhrif, en jafnframt er hætta á að upplýsingar tapist, enda alls óvíst að ein röð gefi nægilegar upplýsingar til að holufylla svo að vel sé. Þriðja leiðin er að nota eingöngu raðir sem hafa meiri fylgni við gölluðu röðina en ákveðið mark. Ákveðið var að nota þá aðferð hér. Þær raðir sem höfðu meiri fylgni við gallaða röð en $\rho = 0.2$ voru notaðar en aðrar ekki. Hér að neðan má sjá áhrif þess að nota slíka aðferð fremur en að nota meðaltalsútskiptingu. Um er að ræða togtímaröðina, þ.e. mælingar á því hve lengi var togað.

Þegar gildi vantar eru nokkrar leiðir færar. Einfaldasta leiðin er hreinlega að sleppa þeim sýnum sem gildi vantar í. Það er hinsvegar „dýr“ aðferð í þeim skilningi að upplýsingar fara þar forgörðum og hætta á að magn gagna verði ekki nægilegt til að greina á tölfræðilega marktækan hátt mun á milli sýna o.fl. Önnur leið er innsetning, þ.e. að setja inn gildi fyrir þau sem vantar. Þar eru 2 leiðir algengastar. Í fyrsta lagi má einfaldlega setja meðaltal annarra sýna inn fyrir það gildi sem vantar. Í öðru lagi er hægt að nota fylgni þeirrar breytu sem gildið vantar í við aðrar breytur (Hair o.fl., 1998). Ein leið til að gera þetta er að nota EM-reikniritið (EM- algorithm). EM-reikniritið (Expectation Maximization) er komið frá Dempster, Laird og Rubin (1977) og byggir á tveggja skrefa ítrun. Skrefin tvö eru (Arnaldur Gylfason o.fl., 1999):


Spáskref: Út frá gefnu mati á stikum og fyrirbyggjandi mælingum eru gögnin meðhöndluð þannig að auðveldara sé að reikna háliknamat (Maximum Likelihood Estimation). Þetta felur í raun í sér að fundið er væntigildi þeirra falla af mælingum sem vantar sem koma fyrir í log-sennileikafallinu (log-likelihood function).

Matskref: Fundið er háliknamat á stikum út frá log-sennileikafallinu eins og þær mælingar sem vantar séu til staðar.

Þessi 2 skref eru reiknuð uns mjög litlu munar á matskrefinu í tiltekinni ítrun og matskrefinu í næstu ítrun á undan (Johnson og Wichern, 2002).

Ákveðið var að nota EM-reikniritið en jafnframt að bera niðurstöður líkangerðar út frá gögnum sem fengjust út frá gögnum „holufylltum“ með EM-reikniriti við líkan sem fengist eingöngu út frá gögnum þar sem engar mælingar vantaði.


Nokkrar útgáfur af EM-reikniriti voru reyndar. Sú einfaldasta var að nota fylgni raðar sem vantaði gildi í (gallaðrar raðar) við allar aðrar raðir. Sú aðferð hefur hinsvegar þann ókost að raðir sem eru alls óskyldar gölluðu röðinni geta haft lítilsháttar fylgni við hana og því haft áhrif á hvaða gildi koma inn í stað þeirra sem vantar. Önnur aðferð er að nota eingöngu þá röð sem hefur mesta fylgni við gölluðu röðina. Þá er tryggt að óskyldar raðir hafi ekki áhrif, en jafnframt er hætta á að upplýsingar tapist, enda alls óvíst að ein röð gefi nægilegar upplýsingar til að holufylla svo að vel sé. Þriðja leiðin er að nota eingöngu raðir sem hafa meiri fylgni við gölluðu röðina en ákveðið mark. Ákveðið var að nota þá aðferð hér. Þær raðir sem höfðu meiri fylgni við gallaða röð en $\rho = 0.2$ voru notaðar en aðrar ekki. Hér að neðan má sjá áhrif þess að nota slíka aðferð fremur en að nota meðaltalsútskiptingu. Um er að ræða togtímaröðina, þ.e. mælingar á því hve lengi var togað.



Mynd 3.5 Hér má sjá hver áhrif mismunandi aðferða við innsetningu (í stað óeðlilegra gilda) eru. Bláa línan sýnir hvernig EM-algrími setti inn fyrir mælingar sem vantaði á tog tíma og útlaga. Græna línan sýnir hvernig mælingar á tog tíma líta út ef meðaltal er sett inn í stað mælinganna. Um er að að ræða fyrstu 76 sýnin sem mæld voru á Rf.

3.2.8 Útlagagreining

Þar sem EM-reikniritið setur inn fyrir þau gildi sem vantar í gagnafylkið út frá þeim gildum sem fyrir eru var nauðsynlegt að greina útlaga áður en EM-reikniritinu var beitt. Algeng aðferð við greiningu útlaga er að flokka þær mælingar sem útlaga sem eru meira en 3 staðalfrávik frá meðaltali mælinga. Þar sem hér var um að ræða tímaraðir (og meðaltal raðanna gat hafa sveiflast með tíma) var nokkuð hæpið að beita þessari aðferð. Þess í stað var notuð aðferð sem kynnt var í fyrirlestri um gagnamedhöndlun fyrir flæðistímaraðir Orkuveitu Reykjavíkur (Ólafur Pétur Pálsson, 2000). Aðferðin felur í sér að lághleypisia raðirnar (exponential smoothing) og skilgreina þau gildi sem eru meira en 3 staðalfrávik frá síuðu röðinni sem útlaga. Síða röðin tekur nokkurn tíma að ná jafnvægi við upphaflegu röðina og var aðferðinni því einungis beitt eftir að 10 mælingum hafði verið náð. Auk þess að nota þær forsendur sem þegar hefur verið greint frá við útlagagreiningu voru allar raðirnar teiknaðar upp og metið út frá gröfunum hvort um raunverulega útlaga væri að ræða eða hvort e.t.v. væri um fleiri útlaga að ræða. Öll gildi sem þóttu líkleg sem útlagar voru metin sérstaklega.



Mynd 3.5 Hér má sjá hver áhrif mismunandi aðferða við innsetningu (í stað óeðlilegra gilda) eru. Bláa línan sýnir hvernig EM-algrími setti inn fyrir mælingar sem vantaði á tog tíma og útlaga. Græna línan sýnir hvernig mælingar á tog tíma líta út ef meðaltal er sett inn í stað mælinganna. Um er að að ræða fyrstu 76 sýnin sem mæld voru á Rf.

3.2.8 Útlagagreining

Þar sem EM-reikniritið setur inn fyrir þau gildi sem vantar í gagnafylkið út frá þeim gildum sem fyrir eru var nauðsynlegt að greina útlaga áður en EM-reikniritinu var beitt. Algeng aðferð við greiningu útlaga er að flokka þær mælingar sem útlaga sem eru meira en 3 staðalfrávik frá meðaltali mælinga. Þar sem hér var um að ræða tímaraðir (og meðaltal raðanna gat hafa sveiflast með tíma) var nokkuð hæpið að beita þessari aðferð. Þess í stað var notuð aðferð sem kynnt var í fyrirlestri um gagnamedhöndlun fyrir flæðistímaraðir Orkuveitu Reykjavíkur (Ólafur Pétur Pálsson, 2000). Aðferðin felur í sér að lághleypisia raðirnar (exponential smoothing) og skilgreina þau gildi sem eru meira en 3 staðalfrávik frá síuðu röðinni sem útlaga. Síða röðin tekur nokkurn tíma að ná jafnvægi við upphaflegu röðina og var aðferðinni því einungis beitt eftir að 10 mælingum hafði verið náð. Auk þess að nota þær forsendur sem þegar hefur verið greint frá við útlagagreiningu voru allar raðirnar teiknaðar upp og metið út frá gröfunum hvort um raunverulega útlaga væri að ræða eða hvort e.t.v. væri um fleiri útlaga að ræða. Öll gildi sem þóttu líkleg sem útlagar voru metin sérstaklega.

Útlagar voru merktir á sama hátt og gildi sem vantaði, þ.e. með NaN. Í þeim hluta sem EM-reikniritið var notað til að fylla upp í gildi sem vantaði var það einnig notað til að setja inn fyrir útlaga. Í þeim hluta sem líkanið var eingöngu byggt á heilum röðum (þ.e. gölluðum tilfellum var hent) var tilfellum þar sem útlagar komu fyrir hent.

3.2.9 Normaldreifing gagna

Mikilvægasta forsenda margviðrar aðhvarfsgreiningar er að úttaksbreytur séu normaldreifðar. Séu frávik úttaksbreyta frá normaldreifingu mikil geta tölfraðileg próf verið ógild, þar sem normaldreifingar er krafist til að hægt sé að nota F og t próf. Hægt er að kanna bæði hvort einstakar breytur séu normaldreifðar (einvítt normaldreifðar) og einnig hvort safn breyta sé normaldreift (margvítt normaldreift). Séu breytur margvítt normaldreifðar eru þær einnig einvítt normaldreifðar en mögulegt er að einstakar breytur geti verið normaldreifðar þrátt fyrir að safn þeirra sé ekki normaldreift (Hair ofl., 1998). Hér var fyrst og fremst farin sú leið að skoða normaldreifingarrit af breytunum og meta út frá þeim hvort um normaldreifingu væri að ræða eða ekki. Kolmogorov-Smirnoff próf var einnig notað, en það má m.a. finna í SPSS tölfraðipakkanum. Prófið mælir hámarksfrávik tiltekins gagnasafns frá gefinni dreifingu og er ekki einskorðað við prófun á normaldreifingu gagna (Wall, 1986).

3.2.10 Gervibreytur

Þar sem breytur svæði, skipsnúmer, mánuður og veiðireitir voru ekki eiginlegar mældar breytur, heldur fremur breytur sem notaðar voru til flokkunar, voru gerðar „dummy“-breytur (gervibreytur) fyrir þær. Breyturnar voru skilgreindar þannig að t.d. í stað þess að svæði hefði tölugildið 1 og 2 fyrir mismunandi svæði voru búnar til 2 breytur sem tóku gildið 0 eða 1 eftir því hvort svæðið átti við. Það sama var gert fyrir skipin og staðsetningarbreyturnar.

3.3 Líkangerð

Í grundvallaratriðum var skrefum sem lýst er í kafla 1.3.6 – 1.3.9 fylgt þegar unnið var í líkangerð. Eftir því sem ljósari mynd komst á hvaða breytur hefðu marktæk áhrif, var líkangerðinni hagað eftir því. Því er vísað til kafla 1.3.6 – 1.3.9 og kafla 4 varðandi nánari lýsingu á henni.

Útlagar voru merktir á sama hátt og gildi sem vantaði, þ.e. með NaN. Í þeim hluta sem EM-reikniritið var notað til að fylla upp í gildi sem vantaði var það einnig notað til að setja inn fyrir útlaga. Í þeim hluta sem líkanið var eingöngu byggt á heilum röðum (þ.e. gölluðum tilfellum var hent) var tilfellum þar sem útlagar komu fyrir hent.

3.2.9 Normaldreifing gagna

Mikilvægasta forsenda margviðrar aðhvarfsgreiningar er að úttaksbreytur séu normaldreifðar. Séu frávik úttaksbreyta frá normaldreifingu mikil geta tölfraðileg próf verið ógild, þar sem normaldreifingar er krafist til að hægt sé að nota F og t próf. Hægt er að kanna bæði hvort einstakar breytur séu normaldreifðar (einvítt normaldreifðar) og einnig hvort safn breyta sé normaldreift (margvítt normaldreift). Séu breytur margvítt normaldreifðar eru þær einnig einvítt normaldreifðar en mögulegt er að einstakar breytur geti verið normaldreifðar þrátt fyrir að safn þeirra sé ekki normaldreift (Hair ofl., 1998). Hér var fyrst og fremst farin sú leið að skoða normaldreifingarrit af breytunum og meta út frá þeim hvort um normaldreifingu væri að ræða eða ekki. Kolmogorov-Smirnoff próf var einnig notað, en það má m.a. finna í SPSS tölfraðipakkanum. Prófið mælir hámarksfrávik tiltekins gagnasafns frá gefinni dreifingu og er ekki einskorðað við prófun á normaldreifingu gagna (Wall, 1986).

3.2.10 Gervibreytur

Þar sem breytur svæði, skipsnúmer, mánuður og veiðireitir voru ekki eiginlegar mældar breytur, heldur fremur breytur sem notaðar voru til flokkunar, voru gerðar „dummy“-breytur (gervibreytur) fyrir þær. Breyturnar voru skilgreindar þannig að t.d. í stað þess að svæði hefði tölugildið 1 og 2 fyrir mismunandi svæði voru búnar til 2 breytur sem tóku gildið 0 eða 1 eftir því hvort svæðið átti við. Það sama var gert fyrir skipin og staðsetningarbreyturnar.

3.3 Líkangerð

Í grundvallaratriðum var skrefum sem lýst er í kafla 1.3.6 – 1.3.9 fylgt þegar unnið var í líkangerð. Eftir því sem ljósari mynd komst á hvaða breytur hefðu marktæk áhrif, var líkangerðinni hagað eftir því. Því er vísað til kafla 1.3.6 – 1.3.9 og kafla 4 varðandi nánari lýsingu á henni.

4 Niðurstöður A: Gæðaeftirlit


Þessi hluti rannsóknarinnar var mun stærri að umfangi en sá hluti sem sneri að mælingum á Rf. Byrjað var að mæla vorið 2001 og mælt fram á sumar 2003.

4.1 Forvinnsla

Forvinnsla gagna var framkvæmd á sambærilegan máta og lýst er í kafla 3.3. Það eru því fyrst og fremst niðurstöður forvinnslnnar sem eru birtar í eftirfarandi kafla. Vilji lesandinn fræðast frekar um framkvæmd forvinnslnnar er vísað í fyrrnefndan kafla.

4.1.1 Normaldreifing

Eins og áður hefur verið dregið á er normaldreifing úttaksbreyta mikilvægasta forsenda margvíðrar aðhvarfsgreiningar. Normaldreifing er reyndar ekki nauðsynleg til að hægt sé að framkvæma sjálfa aðhvarfsgreininguna en þegar kemur að því að spá fyrir um nýjar mælingar og gefa öryggismörk er yfirleitt gert ráð fyrir normaldreifingu. Að kanna hvort áhrifabreyturnar (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) væru normaldreifðar var því fyrsta verkefnið eftir að gögnin höfðu verið löguð m.t.t. útlaga og gilda sem vantaði í gagnafylkið. Einfaldast var að kanna hvort breytur væru normaldreifðar með því að teikna normaldreifingarrit af þeim með skipuninni normplot í Matlab. Mynd 4.1 sýnir normaldreifingarritin sem fengust.



Mynd 4.1 Normaldreifingarrit fyrir breytu nr. 13 (ormar), breytu nr. 14 (blóð- og holdroði), breytu nr. 15 (los) og breytu nr. 16 (nýtingu).

4 Niðurstöður A: Gæðaeftirlit


Þessi hluti rannsóknarinnar var mun stærri að umfangi en sá hluti sem sneri að mælingum á Rf. Byrjað var að mæla vorið 2001 og mælt fram á sumar 2003.

4.1 Forvinnsla

Forvinnsla gagna var framkvæmd á sambærilegan máta og lýst er í kafla 3.3. Það eru því fyrst og fremst niðurstöður forvinnslnnar sem eru birtar í eftirfarandi kafla. Vilji lesandinn fræðast frekar um framkvæmd forvinnslnnar er vísað í fyrrnefndan kafla.

4.1.1 Normaldreifing

Eins og áður hefur verið dregið á er normaldreifing úttaksbreyta mikilvægasta forsenda margvíðrar aðhvarfsgreiningar. Normaldreifing er reyndar ekki nauðsynleg til að hægt sé að framkvæma sjálfa aðhvarfsgreininguna en þegar kemur að því að spá fyrir um nýjar mælingar og gefa öryggismörk er yfirleitt gert ráð fyrir normaldreifingu. Að kanna hvort áhrifabreyturnar (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) væru normaldreifðar var því fyrsta verkefnið eftir að gögnin höfðu verið löguð m.t.t. útlaga og gilda sem vantaði í gagnafylkið. Einfaldast var að kanna hvort breytur væru normaldreifðar með því að teikna normaldreifingarrit af þeim með skipuninni normplot í Matlab. Mynd 4.1 sýnir normaldreifingarritin sem fengust.




Mynd 4.1 Normaldreifingarrit fyrir breytu nr. 13 (ormar), breytu nr. 14 (blóð- og holdroði), breytu nr. 15 (los) og breytu nr. 16 (nýtingu).

Eins og sjá má á myndinni eru breytur ormar, blóð- og holdroði og los ekki vel normaldreifðar og því þörf á að beita vörpunum til að þær yrðu það. Eftirfarandi varpanir voru m.a. reyndar og gaf kvaðratrótavörpun bestu normaldreifingarritin:

$$y = \sqrt{y} \quad (\text{kvaðratrótavörpun}) \quad (4-1)$$

$$y^\lambda = \begin{cases} \frac{y^\lambda - 1}{\lambda} & \lambda \neq 0 \\ \ln(y) & \lambda = 0 \end{cases} \quad (\text{BoxCox}) \quad (4-2)$$

Eftir vörpunina litu normaldreifingarritin mun betur út. Mynd 4.2 sýnir normaldreifingarritin. Ef normaldreifingarritin tvö eru borin saman sést að breytur eru mun betur normaldreifðar eftir vörpunina, þó að vel megi merkja að blóð- og holdroði vikur lítillaga frá normaldreifingu. Mynd 4.3 sýnir hinsvegar stöplarit fyrir blóð- og holdroða. Á stöplaritinu sést að frávik frá normaldreifingu eru ekki svo ýkja mikil.




Mynd 4.2 Normaldreifingarrit fyrir breytur 13-16 (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) eftir að breytum 13-15 hefur verið varpað með kvaðratrótavörpun ($X = \sqrt{X}$).

Eins og sjá má á myndinni eru breytur ormar, blóð- og holdroði og los ekki vel normaldreifðar og því þörf á að beita vörpunum til að þær yrðu það. Eftirfarandi varpanir voru m.a. reyndar og gaf kvaðratrótavörpun bestu normaldreifingarritin:


$$y = \sqrt{y} \quad (\text{kvaðratrótavörpun}) \quad (4-1)$$

$$y^\lambda = \begin{cases} \frac{y^\lambda - 1}{\lambda} & \lambda \neq 0 \\ \ln(y) & \lambda = 0 \end{cases} \quad (\text{BoxCox}) \quad (4-2)$$


Eftir vörpunina litu normaldreifingarritin mun betur út. Mynd 4.2 sýnir normaldreifingarritin. Ef normaldreifingarritin tvö eru borin saman sést að breytur eru mun betur normaldreifðar eftir vörpunina, þó að vel megi merkja að blóð- og holdroði vikur lítillaga frá normaldreifingu. Mynd 4.3 sýnir hinsvegar stöplarit fyrir blóð- og holdroða. Á stöplaritinu sést að frávik frá normaldreifingu eru ekki svo ýkja mikil.



Mynd 4.2 Normaldreifingarrit fyrir breytur 13-16 (ormar, blóð- og holdroði, los og nýting) eftir að breytum 13-15 hefur verið varpað með kvaðratrótavörpun ($X = \sqrt{X}$).



Mynd 4.3 Stöplarit ásamt útreiknaðri normaldreifingu fyrir blóð- og holdroða eftir kvaðratrótar-vörpun ($X = \sqrt{X}$).



Mynd 4.3 Stöplarit ásamt útreiknaðri normaldreifingu fyrir blóð- og holdroða eftir kvaðratrótar-vörpun ($X = \sqrt{X}$).

Til að kanna betur hvort breytur væru normaldreifðar var notað Kolmogorov-Smirnov próf. Kolmogorov-Smirnov próf var minnst á í kafla 3.3.3. Það mælir hversu vel gögn fylgja normaldreifingu. Kolmogorov-Smirnov próf var framkvæmt fyrir áhrifabreyturnar allar. Tafla 4.1 sýnir niðurstöður prófsins.

Tafla 4.1 Niðurstöður Kolmogorov-Smirnov prófs fyrir normaldreifingu áhrifabreytanna

	Ormar	Blóð- og holdroði	Los	Nýting
Kolmogorov-Smirnov Z	2,04	4,67	2,40	0,60
p-gildi	0,00	0,00	0,00	0,86

Prófið staðfestir það sem normaldreifingarritin sýna, þ.e. að blóð- og holdroði er fjærst því að vera normaldreifð af öllum breytunum. Prófið sýnir reyndar að strangt til tekið er engin af breytunum nema nýtingin vel normaldreifð. Hér verður hinsvegar að hafa í huga að þegar svo mörg sýni eru til athugunar er Kolmogorov-Smirnov prófið mjög næmt fyrir hverskonar frávikum frá normaldreifingu. Smávegis hliðrun á normalkúrvu, líkt og sjá mátti á stöplaritinu fyrir blóð- og holdroða getur nægt til að breytur falli á normaldreifingarprófi. Þar sem munurinn var ekki meiri á normaldreifingu og dreifingu áhrifabreytanna en stöplaritið sýndi var ákveðið láta staðar numið við varpanir.

Til að kanna betur hvort breytur væru normaldreifðar var notað Kolmogorov-Smirnov próf. Kolmogorov-Smirnov próf var minnst á í kafla 3.3.3. Það mælir hversu vel gögn fylgja normaldreifingu. Kolmogorov-Smirnov próf var framkvæmt fyrir áhrifabreyturnar allar. Tafla 4.1 sýnir niðurstöður prófsins.


Tafla 4.1 Niðurstöður Kolmogorov-Smirnov prófs fyrir normaldreifingu áhrifabreytanna

	Ormar	Blóð- og holdroði	Los	Nýting
